# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

163. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 13. JÚLÍ 2017


# Nærstaddir voru hræddir um líf Harðar

**Hjólreiðamaðurinn Hörður Ragnarsson er strax farinn að huga að næsta móti þrátt fyrir alvarlegt slys um síðustu helgi. Steyptist af reiðhjóli á 57 kílómetra hraða. Segist ótrúlega góður þótt „andlitið sé í rugli“.**



Hörður Ragnarsson, hjólreiðarkappi

**SLYS** Hjólreiðakappinn Hörður Ragnarsson er strax farinn að velta fyrir sér sínu næsta móti. Reiðhjól Harðar festist í ristarhliði í Kia Gullhringnum á Laugarvatni síðastliðinn laugardag og var hann fluttur á brott með þyrlu. Óttuðust nærstaddir um líf hans. Hörður var útskrifaður af sjúkrahúsi á þriðjudag og er alveg skýr í þeirri skoðun sinni að engum sé um að kenna. Um röð atvika hafi verið að ræða sem valdið hafi slysinu. Þó megi að sjálfsögðu læra af slysinu og þakka fyrir að ekki hafi verr farið.

„Við vorum búin að hjóla 45 kílómetra af 106,“ segir Hörður þegar hann er beðinn um að rifja upp slysið. Hann hefur verið á fullu í hjólreiðum undanfarin fjögur ár og segir samkeppnina vera orðna mjög mikla. Þau hafi líkast til verið um 15 til 30 í baráttunni fremst þar sem hjólað er þétt, allir að leita skjóls af næsta manni á undan.

Hörður var á 57 kílómetra hraða þegar hópurinn kom að ristarhliðinu. Fjórir eða fimm voru fyrir framan hann og fjölmargir fyrir aftan.

„Ég lít upp og ég sé ekki neitt. Ég lít niður og þá er hliðið fyrir framan mig og ég er bara á leiðinni ofan í það,“ segir Hörður. Framdekkið festist ofan í rauf í ristarhliðinu og hjólið brotnaði í tvennt. Talið er að Hörður hafi flogið um átta metra með afturhluta hjólsins. Hann man næst eftir sér í þyrlunni á leiðinni í bæinn.

Meiðslin eru aðallega sjáanleg á andlitinu. Efri vörin rifnaði og þurfti að sauma saman.

„Ég hef ekki hugmynd um hve mörg sporin voru en það var nú nógu vont,“ segir Hörður og brosir eins og hægt er enda aumur í andlitinu. Tanngarður hans færðist til sem kallaði á aðgerð og þá kinnbeinsbrotnaði hann. Þumall er brotinn og skinn fór af hnjám.

„Annars er ég ótrúlega góður. Þetta er aðallega andlitið á mér sem er í rugli. Ef það væri ekki þá væri ég að fara að hjóla í næstu viku.“

Ítarlegra viðtal við Hörð má lesa á fréttavefnum Vísi í dag. **– ktd**



**Ungum frönskum skátum var bjargað úr háska eftir að þeir reyndu að vaða yfir Skaftá í fyrrakvöld. „Algjört glapræði og hugsunarleysi. Ekki þess virði að drepa sig fyrir þetta,“ segir Viðar Björgvinsson, formaður Björgunarsveitarinnar Kyndils, í samtali við fréttastofu 365 í gær. Hrönn Pétursdóttir, mótsstjóri alheimsmóts skáta sem fram fer hér í sumar, segir hópinn ekki tengjast mótinu.** MYND/SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# Fjárfestar farnir aftur út

**VIÐSKIPTI** Vísbendingar eru um að hluti þeirra fjárfesta sem tóku þátt í fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands á fyrri hluta árs 2012 hafi innleyst fjárfestingar sínar og flutt gjaldeyri úr landi á síðustu vikum. Það gæti hafa átt þátt í gengisveikingu krónunnar undanfarið, að sögn sérfræðinga á gjaldeyrismarkaði sem Fréttablaðið ræddi við, en krónan hefur veikst um níu prósent samkvæmt gengisvísitölu undanfarnar fimm vikur.

Fyrstu gjaldeyrisútboðin samkvæmt fjárfestingarleiðinni fóru fram á fyrri hluta árs 2012 sem þýðir að þeir sem tóku þátt í útboðunum geta nú losað fjárfestingar sínar, kjósi þeir svo. **– kij /** **sjá síðu 8**

## Hvað mátt þú drekka mikið?



**LÍFIÐ** Nýja smáforritið Beer Converter tekur mið af mataræði, hreyfingu og góðverkum og segir notandanum svo hversu mikinn bjór hann má drekka. „Þetta smáforrit er búið að vera gæluverkefni hjá mér í dálítinn tíma. Þetta byrjaði bara sem brandari sem gekk svo kannski aðeins of langt, alveg inn í App Store og Playstore,“ segir Jón Páll Leifsson, hugmyndasmiður Beer Converter. Hann segir fólk ekki þurfa að vera neina bjórsérfræðinga til að nota appið. **– gha/** **sjá síðu 46**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um efnahagsmál í Svíþjóð. 17

**SPORT** Haraldur Dean Nelson er afar stoltur af syni sínum, Gunnari, sem er í aðalbardaga á UFC-kvöldi í Glasgow um helgina. 24

**MENNING** Alþjóðlega myndlistarsýningin Rúllandi snjóbolti/9 verður opnuð í Bræðslunni á Djúpavogi. 32

**LÍFIÐ** Vefurinn Kúrz lumar á góðum hugmyndum um hvað öll fjölskyldan getur gert saman í sumar. 44




**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Hæg vestlæg eða breytileg átt og víða skúrir í dag, talsverðar skúradembur á Norðausturlandi síðdegis. Milt veður. SJÁ SÍÐU 30



**Brotist hefur verið inn í bústaði í Skorradal, Hvalfirði og Munaðarnesi.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Mikil fjölgun innbrota í sumarbústaði

**LÖGREGLUMÁL** Það sem af er ári hafa átta innbrot verið framin í bústaði á Vesturlandi, samkvæmt upplýsingum frá Lögreglustjóranum á Vesturlandi.

Um verulega fjölgun er að ræða milli ára en í fyrra var einungis framið eitt innbrot á svæðinu yfir allt árið. Árið 2015 voru innbrotin hins vegar 22.

Á Vesturlandi eru vinsæl bústaðahverfi, meðal annars í Skorradal og Munaðarnesi. Brotist hefur verið inn á nokkrum stöðum í Skorradal, Hvalfirði og Munaðarnesi.

Jón Sigurður Ólason, yfirlögregluþjónn hjá Lögreglunni á Vesturlandi, segist ekki leggja mat á hvort þetta sé mikið af innbrotum miðað við venjulega en þó að minnsta kosti meira en í fyrra. **– sg**

# Sætir fangelsi til fjögurra ára

**DÓMSMÁL** Karlmaður á áttræðisaldri var í Héraðsdómi Norðurlands eystra í fyrradag dæmdur í fjögurra ára óskilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn þremur barnabörnum sínum. Þá var honum gert að greiða tveimur brotaþolum alls 3,6 milljónir króna í miskabætur.

Brot mannsins hófust árið 1997 og stóðu allt til ársins 2008. Þótti sannað að hann hefði fróað sér fyrir framan stúlkurnar en einnig fróað þeim. **– jóe**

# Um 3.000 Íslendingar á hverjum leik



**Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, hefur selt um 2.000 miða á hvern einasta leik Íslands í riðlakeppni EM kvenna sem hefst í næstu viku. Íslensku leikmennirnir voru í Laugardalnum í gær að hitta aðdáendur og gefa eiginhandaráritanir. Það féll í kramið hjá yngri kynslóðinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Viðsnúningur í rekstri VÍS

**VIÐSKIPTI** Verulegur viðsnúningur var í afkomu af vátryggingarekstri á öðrum ársfjórðungi 2017. Þetta kemur fram í afkomuviðvörun sem send var Kauphöllinni í gær.

Þar kemur fram að fjórðungurinn var óvenju tjónaléttur. Það eigi einnig við um ökutækjatryggingar en afkoma af þeim hafi verið óviðunandi.

Drög að árshlutareikningi fyrir fyrri helming ársins gera ráð fyrir að hagnaður samstæðu VÍS fyrir skatta á fyrri árshelmingi 2017 verði um 1,1 milljarður króna fyrir utan hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagsins Kviku banka. Afkoma Kviku banka getur haft endanleg áhrif á niðurstöðu tímabilsins.

Í tilkynningunni segir að birting rekstrarniðurstöðu annars ársfjórðungs og fyrri árshelmings 2017 fari fram eftir lokun markaða fimmtudaginn 24. ágúst. **– jhh**

# Bregðast við dræmri miðasölu á ofurleikinn

**Viðureign ensku liðanna Manchester City og West Ham á föstudegi um verslunarmannahelgi hefur ekki kveikt í áhugafólki um enska knattspyrnu. Brugðist verður við með fjölmiðlaherferð og að miðaeigendur fái að hitta leikmenn.**

**ÍÞRÓTTIR** „Það er ekkert leyndarmál að miðasala fór hægt af stað,“ segir Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri Knattspyrnusambands Íslands, um hvernig gangi að selja miða á æfingaleik Manchester City og West Ham 4. ágúst.

Ensku úrvalsdeildarliðin munu mætast á Laugardalsvelli en þetta verður síðasti leikur beggja liða áður en deildin hefst í ágúst. Leikurinn var tilkynntur á stórum blaðamannafundi í höfuðstöðvum KSÍ í Laugardalnum. Um er að ræða leik sem kallast The Super Match en í sams konar leik mættust Manchester United og Galatasaray á síðasta ári í Noregi. Á fundinum var tilkynnt að stefnt væri að því að slá áhorfendametið á Laugardalsvelli.




**Frá blaðamannafundinum þegar leikurinn var kynntur með pomp og prakt. Laugardalsvöllurinn er minnsti völlurinn sem Super Match hefur farið fram á en stefnan er enn að slá áhorfendametið sem nú er 20.200.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Miðamál og miðasala koma KSÍ ekkert við heldur fyrirtækinu Super Match en miðasala fer í gegnum miði.is. Þar eru einu teikningarnar sem til eru af Laugardalsvelli og sést vel að mörg sæti eru óseld. Miðaverð er frá 5.899 en dýrustu miðarnir eru á 16.899 krónur. Flestir seldir miðar eru fyrir miðju á nýju stúkunni.

Til að auka áhugann mun Super Match fara í heilmikla fjölmiðlaherferð og endurhugsa miðamálin og sem dæmi er nefnt að miðaeigendur munu fá að hitta leikmenn í svokölluðu „meet and greet“ og fá aðgang að æfingu eða jafnvel æfingum en margir af frægustu leikmönnum heims spila með Manchester City og nægir að nefna Íslandsvininn Sergio Agüero, David Silva, Kevin De Bruyne og brasilíska undrabarnið Gabriel Jesus. West Ham á nokkuð traustan og góðan stuðningsmannahóp á Íslandi en liðið átti þrjá lykilmenn í enska landsliðinu sem hampaði heimsmeistaratitlinum árið 1966, meðal annars fyrirliðann, Bobby Moore.




Pep Guardiola

Kevin De Bruyne

Klara segir að hugmyndir Super Match séu áhugaverðar og hlakkar til ef þær verða að veruleika. „Kannski er eitthvað sem þeir gera sem KSÍ getur tileinkað sér í framtíðinni.“

**benediktboas@365.is**




BOSS
HUGO BOSS
SAND
POLO
RALPH LAUREN
Stenströms
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
bugatti
TINO COSMA
BELLINI
collezione
MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898
BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880
LLOYD
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Hreinsun!
70%
afsláttur
af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

# Ólíklegt að fjallskiladómur hafi mikil áhrif

**LANDBÚNAÐUR** Ólíklegt er að niðurstaða Héraðsdóms Vesturlands, þess efnis að eigandi fjárlausrar jarðar án upprekstrarréttar þurfi ekki að greiða fjallskilagjöld, komi til með að hafa mikil áhrif á fjallskil sveitarfélaga landsins.

Dómur héraðsdóms var kveðinn upp fyrir rúmri viku en í honum segir að ástæða þess að jörðin sé ekki fjallskilagjaldsskyld sé sú að gjaldið renni meðal annars til viðhalds á girðingum og réttum.



**Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri í Bláskógabyggð**

„Lögin eru skýr. Fjallskil eru til þess að jafna út kostnað við leitun og hreinsun afrétta eða heimalanda sem nýtt eru sem afréttur,“ segir Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar og maður fróður um fjallskil.

Fjallskilanefnd í hverju umdæmi fyrir sig getur ákveðið með hvaða móti fjallskilin eru greidd. Sums staðar er það gert með peningagreiðslu en annars staðar uppfylla jarðeigendur skyldur sínar með því að skaffa menn í leitir.

„Þegar maður eignast land þá tekur maður bæði við hlunnindum og skyldum sem því fylgja. Þú getur ekki skilið þetta tvennt í sundur. Það myndi aldrei ganga upp. Hlunnindunum fylgja kvaðir, meðal annars til greiðslu fjallskila,“ segir Valtýr. **– jóe**



**Valtýr segir að þegar maður eignist land þá taki maður bæði við hlunnindum og skyldum sem því fylgja.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Svipað og að fá stjörnu í bókina

**VÍSINDI** „Svona viðurkenningar eru bara svipað og þegar maður fær stjörnu í bókina í barnaskóla. Þetta er heil stjarna í bókina, ekki hálf,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.

Bandaríska mannerfðafræðifélagið hefur sæmt Kára æðstu viðurkenningu sinni, William Allan-verðlaununum, sem bera nafn bandarísks læknis, sem var brautryðjandi í rannsóknum á erfðafræði mannsins og arfgengum sjúkdómum. Verðlaunin hlýtur vísindamaður, sem þykir hafa skilað stóru og yfirgripsmiklu framlagi til rannsókna í mannerfðafræði.

Kári mun veita verðlaununum viðtöku á ársþingi samtakanna í Orlando í Flórída þann 18. október næstkomandi og flytja fyrirlestur. **– jhh**



**Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar**

# Ætla að fjölga leigubílaleyfum

**SAMGÖNGUR** Á döfinni er að fjölga atvinnuleyfum til leigubifreiðaaksturs um alls hundrað. Fjöldinn hefur nánast verið óbreyttur í sextán ár.

Drög að breytingum á reglugerð um leigubifreiðar eru nú í umsagnarferli hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Í tillögunum kemur fram að stefnt sé að því að fjölga leyfum á höfuðborgarsvæðinu um níutíu og yrðu þau 650 eftir breytinguna. Leyfum á Akureyri verður fjölgað um sjö, upp í 28, og í Árborg á að fjölga þeim upp í ellefu.

Ástæðurnar fyrir fjölguninni eru aukinn fjöldi ferðamanna og íbúafjölgun á umræddum svæðum. Hægt er að senda umsagnir til ráðuneytisins til 3. ágúst næstkomandi. **– jóe**

# Fleiri hjá Hrími telja brotið á sér

**Núverandi og fyrrverandi starfsmenn hönnunarverslunarinnar Hríms eru ósáttir við launamál og framkomu eigenda í garð starfsmanna. Óánægja er með launaálag og vinnuálag starfsmanna. Fjármálastjóri Hríms telur að launamálin séu í lagi, honum hafi ekki borist kvartanir frá starfsmönnum um álagsgreiðslur.**

**SAMFÉLAG** Á annan tug fyrrverandi og núverandi starfsmanna Hríms hafa rætt saman um óánægju sína er varðar launakjör og framgöngu eigenda samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Að minnsta kosti tveir þeirra ætla að leita til stéttarfélagsins VR vegna ógreiddrar yfirvinnu. Nú þegar hefur einn starfsmaður kvartað. Fjármálastjóri Hríms telur að fyrirtækið sé með allt á þurru í launamálum starfsmanna. Enginn hafi kvartað við hann varðandi álag.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær braut Hrím hönnunarhús gegn ákvæðum jafnréttislaga með því að borga kvenkyns starfsmanni lægri laun en starfsbróður hennar. Fram kemur í úrskurðinum að kærandi hafi heyrt frá öðrum starfsmönnum að launamisrétti hafi viðgengist hjá Hrími um langa hríð. Þannig hafi fleiri starfsmenn sagt starfi sínu lausu vegna óréttlátra launakjara og mismununar.

Fyrrverandi verslunarstjóri í Hrími sem starfaði skamma hríð þar til í byrjun þessa árs segir sína launareynslu hafa verið jákvæða vegna þess að hún samdi um eigin laun. Hún segir þó hafa komið í ljós að byrjunarlaun hennar voru hærri en verslunarstjórans sem var að hætta. Auk þess hafi sá maður, sem um var að ræða í jafnréttisúrskurðinum, verið með hærri byrjunarlaun sem venjulegur starfsmaður en verslunarstjórinn fyrrverandi.

Hún segir starfsmenn aldrei hafa mátt ræða laun sín á milli. Hún hafi verið skömmuð fyrir að ræða um þau vegna þess að þau væru trúnaðarmál, sem hún telur að sé ekki rétt.

Verslunarstjórinn segir að síðan hún lét af störfum hafi margir gengið út, fólk sé miður sín yfir að hafa unnið þarna. Það sé óánægja með launamál og framkomu eigenda í garð starfsmanna það sé ekkert grín að starfsmannaveltan þarna sé svona hröð.




**Hrím rekur þrjár verslanir í Reykjavík.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Ég hef ekki heyrt neinn kvarta yfir einhverjum álagsgreiðslum, það hefur allavega enginn starfsmaður kvartað við mig.**
>
> Einar Örn Einarsson, fjármálastjóri Hríms

Annar starfsmaður sem vildi ekki koma fram undir nafni segir að í desember hafi stundum gleymst að borga yfirvinnutíma. Hún segist alltaf hafa þurft að fara yfir launaseðilinn sinn í byrjun mánaðar og fá einhverjar lagfæringar á meðan hún vann þarna. Einnig bendir hún á að starfsmönnum hafi verið mismunað er kom að jólagjöfum. Einhverjir uppáhaldsstarfsmenn fengu miklu stærri gjafir og það hafi ekki farið eftir því hvort þeir væru fastir starfsmenn eða ekki.

Þriðji starfsmaður bendir á að haft hafi verið eftirlit með starfsmönnum með öryggismyndavél í versluninni og þyki mörgum það óþægilegt. Samkvæmt upplýsingum frá Persónuvernd getur þetta verið heimilt en það er alltaf mælst til þess að vöktun fari fram með vægustu úrræðum á hverjum tíma.

Fjórði starfsmaður greindi frá samskiptum vegna launahækkunar og sagði að illa hefði gengið að fá umrædda launahækkun greidda að fullu. Einnig hefði verið ætlast til mikils af starfsmanni sem var oft einn á vakt í versluninni.

„Ég held að við séum með allt á þurru í þessum efnum. Varðandi launamál eru allir hjá okkur á svipuðum launum. Fólk hækkar ef það stendur sig vel,“ segir Einar Örn Einarsson, fjármálastjóri Hríms.

„Ég hef ekki heyrt neinn kvarta yfir einhverjum álagsgreiðslum, það hefur allavega enginn starfsmaður kvartað við mig varðandi eitthvað slíkt. Ef hafa verið gerð einhver mistök hvað það varðar þyrfti ég að skoða það. Við erum með bókara sem sér um launin hjá okkur. Við gerum okkar besta í því og erum alltaf tilbúin til að skoða ef einhver misbrestur hefur orðið.“

**saeunn@frettabladid.is**


FLORIDA INSTITUTE OF TECHNOLOGY ANNOUNCEMENT

President, Dr. Dwayne McCay, invites all FIT ALUMNI and students to join him and VP Alumni, Bino Campanini, for a special cocktail reception.
Come reminisce with alumni and hear the latest news from FIT. July 20th, Petersen Svitan at Gamba bio, 5-7pm.

**For more information: alumni.fit.edu/Iceland**


# Aron Einar kaupir í Bjórböðunum

**VIÐSKIPTI** Aron Einar Gunnarsson, fyrirliði íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, hefur eignast 10 prósenta hlut í Bjórböðunum. Bjórböðin voru opnuð í júní og eru rekin við hlið Bruggsmiðjunnar Kalda á Árskógssandi á Norðurlandi. Þar er einnig rekinn veitingastaður.

Við innkomu Arons Einars er skipting hluthafa eftirfarandi: Agnes Anna Sigurðardóttir og Ólafur Þröstur Ólafsson eiga 22,24 prósent, Sigurður Bragi Ólafsson og Ragnheiður Guðjónsdóttir 14,82 prósent, Bruggsmiðjan Kaldi 25,33 prósent, Birgir Guðmundsson 23,29 prósent, Þórarinn Kristjánsson 2,65 prósent, Sigurður Konráðsson 1,67 prósent og Aron Einar 10 prósent.

Bruggsmiðjan Kaldi var stofnuð árið 2006 af hjónunum Agnesi og Ólafi. Agnes er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Fyrir nokkrum árum var hafist handa við þróun bjórbaða við hlið verksmiðju Kalda.



**Aron Einar hefur eignast 10 prósenta hlut í Bjórböðunum.** MYND/KALDI

Myndband um Bjórböðin sem Business Insider setti á Facebook-síðu sína fyrir sjö dögum hefur hlotið vinsældir en tæplega 22 milljónir hafa horft á það. Ekki náðist í Aron Einar við vinnslu fréttarinnar. **– sg**

DISCOVERY SPORT

# ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR

LAND ROVER

ABOVE & BEYOND




Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 5.990.000 kr.

www.landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM80634

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Evan Spiegel, forstjóri Snap, þykir reynslulítill stjórnandi. NORDICPHOTOS/AFP

# Fjárfestar óttast slæmt gengi Snapchat

**VIÐSKIPTI** Skráning móðurfélags samfélagsmiðilsins Snapchat á markað var ein stærsta hlutabréfafrétt í Bandaríkjunum á þessu ári. Síðan þá hefur gengi hlutabréfanna í Snap þó tekið dýfu og var um eftirmiðdaginn í gær 15,3 dollarar, töluvert undir 17 dollara skráningargenginu.

CNN greinir frá því að fjárfestar hafi áhyggjur af slæmu gengi fyrirtækisins á markaði. Notendum fjölgar nú hægar en áður og hefur helsti keppinautur miðilsins, Facebook, bætt við fleiri tölum sem líkjast töluvert Snapchat. Snap hefur enn ekki náð að sýna fram á hagnað en á fyrsta ársfjórðungi sem félagið var skráð tapaði það 2 milljörðum dollara. Á sama tíma hefur hagnaður Facebook aukist og gengi bréfa í fyrirtækinu hækkað töluvert undanfarið.

Fjárfestar óttast að næg nýsköpun eigi sér ekki stað innan Snap, sem geri það að verkum að Facebook geti stolið notendum frá samfélagsmiðlinum með því að bjóða upp á svipaða þjónustu á sínum miðli. – sg

## Taumlaus gleði



Mikil gleði ríkti á strætum Kampala, höfuðborgar Úganda, eftir að Robert Kyagulani skrifaði undir drengskaparheit að stjórnarskrá landsins og tók sæti á þingi. Kyagulani er þekktari undir nafninu Bobi Wine og er hann þekktur tónlistarmaður í heimalandinu fyrir smelli á borð við Sunda og Carolyn. Hefur hann gagnrýnt Museveni forseta harðlega og vann yfirburðasigur í kosningum í Austur-Kyadondo-héraði. NORDICPHOTOS/AFP



Skip menga gríðarlega við hafnarbakka landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vilja banna svartolíu innan lögsögunnar

**UMHVERFISMÁL** Aðgerðahópur um loftslagsmál og Náttúruverndarsamtök Íslands standa fyrir áskorun til Alþjóða siglingamálastofnunarinnar um að banna notkun svartolíu á skip sem sigla um norðurhöf. Þetta kemur fram í erindi frá Faxaflóahöfnum sem tekið var til umfjöllunar í borgarráði Reykjavíkurborgar í síðustu viku.

Erindinu var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs. Í erindinu kemur fram að rannsóknir sýna að sýrustig sjávar eykst stöðugt vegna síaukinnar losunar koltvísýrings út í andrúmsloftið. Á norðlægum slóðum eykst súrnunin hraðar en í heitari sjó. Þessi þróun ógnar nú þegar vistkerfi hafsins og því ber öllum þeim sem spornað geta við þessari þróun að leggja sitt af mörkum.

Íslenskur fiskiskipafloti hefur að mestu brennt skipaolíu af gerðinni MDO en þó eru einhver skip sem brenna svartolíu. Talið er að þau gætu auðveldlega skipt yfir í MDO-olíu. – bb


ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ VOLVO PENTA Á ÍSLANDI

VOLVO PENTA

**Öflug Volvo Penta þjónusta**
Hjá Volvo Penta á Íslandi | Brimborg starfar framúrskarandi teymi sem samanstendur af öflugum fagmönnum Brimborgar og samstarfsaðilum um land allt.
Komdu í dag og ræddu við ráðgjafa.

**Kauptu bestu varahlutina**
Volvo Penta á Íslandi | Brimborg er með gott úrval varahluta á lager og á mjög hagstæðu verði. Varahlutasérfræðingar okkar veita þér fyrirtaksþjónustu og ráðgjöf við kaup.



**HAFÐU SAMBAND Í DAG**
- Sími: 515 7067 | 869 7537 Guðmundur Gísli
- Netfang: volvopenta@brimborg.is
- Heimasíða: volvopenta.is

brimborg

Volvo Penta á Íslandi | Brimborg • Bíldshöfða 6 • Sími 515 7070 • volvopenta.is


# Rennibrautir vígðar í milljóna framúrkeyrslu

Heildarkostnaður við endurbætur á Sundlaug Akureyrar stendur í 405 milljónum króna og útlit er fyrir að talan hækki. Áttu upphaflega að kosta 270 milljónir en verkið er nú mun umfangsmeira. Rennibrautirnar verða opnaðar í dag.

**AKUREYRI** Nýju rennibrautirnar þrjár í Sundlaug Akureyrar verða vígðar í dag og stendur heildarkostnaður við endurbætur þar nú í um 405 milljónum króna. Líklegt er að sú tala hækki en upphaflega áttu framkvæmdir á svæðinu að kosta 270 milljónir.

„Verkefnið hefur breyst mikið á þessum tíma og um mikið uppsafnað viðhald til margra ára að ræða. Við erum búin að setja rennibrautirnar þrjár upp, sem áttu upphaflega einungis að vera tvær, skipta um yfirborðsefni á öllum bökkum laugarinnar og erum komin með nýja lendingarlaug. Þá eru einnig ný leiktæki, skipt var um yfirborðsefni í vaðlaug og á bökkum og steyptur kaldur pottur,“ segir Ingibjörg Ólöf Isaksen, formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs Akureyrarbæjar.

„Við bíðum aftur á móti með nýjan heitan pott og svo á eftir að ganga frá garðinum og sólbaðsstöðunni þar. Það verður gert með haustinu og auk þess ætlum við að taka í notkun fjölnotaklefa fyrir fatlaða og aðra hópa með sérþarfir. Svo grófum við upp garðinn og ætlum að hafa allt svæðið í svipaðri hæð og auka þannig aðgengi allra. Sundlaugargarðurinn er enn í hönnun og því getum við ekki gefið nákvæma tölu yfir heildarkostnað verkefnisins.“

Framkvæmdir við sundlaugina hófust í október í fyrra eða einu ári eftir að bæjaryfirvöld höfðu kynnt að áætlaður kostnaður væri 270 milljónir króna. Kom þá fram að þær væru vissulega dýrar en hins vegar nauðsynlegt aðdráttarafl fyrir íbúa og ferðamenn. Gengið var frá fyrsta samningi vegna kaupa á nýrri rennibraut árið 2013 og í árslok 2016 stóð framkvæmdakostnaðurinn í 297 milljónum.

„Athöfnin í dag verður stór áfangi og margir búnir að bíða eftir þessu og þetta verður frábært,“ segir Ingibjörg Ólöf. Rennibrautirnar verða vígðar klukkan 14.00 og þá tilkynnt um sigurvegara í samkeppni um nöfn á nýju brautirnar.

haraldur@frettabladid.is



Sundlaug Akureyrar státar nú af lengstu rennibraut landsins sem er 86 metrar að lengd. Hún kostaði aftur á móti sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> Sundlaugargarðurinn er enn í hönnun og því getum við ekki gefið nákvæma tölu yfir heildarkostnað.



Ingibjörg Ísaksen, formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs Akureyrarbæjar


F&F
ÚTSALA
ENN MEIRI LÆKKUN
50-70%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM
Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri



Litlar breytingar hafa verið á afstöðu almennings til inngöngu í ESB undanfarin þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Tæplega helmingur á móti inngöngu

**UTANRÍKISMÁL** 47,9% svarenda kváðust andvíg eða mjög andvíg því að Ísland gengi í Evrópusambandið þegar MMR spurði í júní. Á móti voru 29,0% svarenda sem sögðust hlynnt eða mjög hlynnt því að Ísland gengi í Evrópusambandið.

Litlar breytingar hafa verið á afstöðu almennings gagnvart inngöngu Íslands í ESB undanfarin þrjú ár. Ef litið er hins vegar til samanburðar til seinni hluta ársins 2012 hefur andvígum fækkað um rúmlega 10 prósentustig en þá kváðust milli 60 og 65% Íslendinga andvíg inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Á sama tímabili hefur hlynntum fjölgað um 5 til 10 prósentustig.

Könnunin var framkvæmd dagana 15. til 21. júní og fengust 1.017 svör úr spurningavagni MMR. – jhh

**29%**

**sögðust hlynnt eða mjög hlynnt inngöngu í ESB.**

# Hafa flutt gjaldeyrinn úr landi

**Hluti þeirra fjárfesta sem tóku þátt í gjaldeyrisútboðum Seðlabankans á fyrri hluta árs 2012 hefur innleyst fjárfestingar sínar og flutt gjaldeyri úr landi. Það hefur átt þátt í gengisveikingu krónunnar síðustu vikur. Fjárfestarnir geta nú innleyst tugi milljarða króna í gengishagnað. Óljóst er hins vegar hvert umfangið er.**



Gengi krónunnar hefur verið afar sveiflukennt undanfarnar vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**VIÐSKIPTI** Vísbendingar eru um að hluti þeirra fjárfesta sem tóku þátt í fjárfestingarleið Seðlabanka Íslands á fyrri hluta árs 2012 hafi innleyst fjárfestingar sínar og flutt gjaldeyri úr landi á síðustu vikum. Það gæti hafa átt þátt í gengisveikingu krónunnar undanfarið, að sögn sérfræðinga á gjaldeyrismarkaði sem Fréttablaðið ræddi við, en krónan hefur veikst um níu prósent samkvæmt gengisvísitölu undanfarnar fimm vikur.

Fjárfestingarleið Seðlabankans gekk út á að fjárfestar komu með gjaldeyri til landsins og skiptu honum fyrir krónur og fjárfestu hér á landi til lengri tíma. Gulrótin fyrir fjárfestana var að þeir fengu um tuttugu prósenta afslátt af krónunum miðað við skráð gengi Seðlabankans. Það skilyrði var sett að binda þyrfti fjárfestinguna til fimm ára. Fyrstu gjaldeyrisútboðin samkvæmt fjárfestingarleiðinni fóru fram á fyrra hluta árs 2012 sem þýðir að þeir sem tóku þátt í útboðunum geta nú losað fjárfestingar sínar, kjósi þeir svo.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja óvíst í hve miklum mæli umræddir fjárfestar hafa flutt gjaldeyri úr landi á undanförnum vikum. Þó sé ljóst að einhverjir hafi nýtt sér tækifærið þegar fimm ára kvöðinni var aflétt og það hafi átt þátt í gengisveikingu krónunnar. Um 123 milljónir evra, eða 29,5 milljarðar króna miðað við þáverandi útboðsgengi, komu til landsins í fjórum útboðum á fyrstu sex mánuðum ársins 2012. Fjárfestarnir geta nú innleyst tugi milljarða króna í gengishagnað.

Þá herma heimildir Fréttablaðsins að Seðlabankinn hafi gripið inn í gjaldeyrismarkaðinn í fyrradag með kaupum á krónum fyrir rúman einn milljarð króna. Bankinn greip inn í seint um daginn, þegar gengi krónunnar hafði veikst um meira en tvö prósent gagnvart evrunni, en bankinn hefur áður lýst því yfir að hann leitist við að draga úr óæskilega miklum sveiflum á gjaldeyrismarkaði.

Veikingin í fyrradag gekk til baka í gær þegar gengi krónunnar styrktist um 2,4 prósent gagnvart evru og 2,1 prósent gagnvart Bandaríkjadal.

kristinningi@frettabladid.is


NÝ HEIMASÍÐA - BILALAND.IS

# TILBOÐSBÍLAR



**Bílaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér góðan bíl á frábæru verði!**

Lykill fjármögnun




KIA Sportage 4WD
Nýskr. 12/15, ekinn 68 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 6 gírar.
Verð 4.290 þús. kr.
TILBOÐ:
**3.590 þús. kr.**




BMW X5 Xdrive40d
Nýskr. 07/11, ekinn 97 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 8 gírar.
Verð 5.690 þús. kr.
TILBOÐ:
**4.990 þús. kr.**




RENAULT Megane Sport Tourer
Nýskr. 02/12, ekinn 87 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 6 gírar.
Verð 1.590 þús. kr.
TILBOÐ:
**1.390 þús. kr.**




SKODA Yeti Ambition 4WD
Nýskr. 02/14, ekinn 72 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 6 gírar.
Verð 3.290 þús. kr.
TILBOÐ:
**2.490 þús. kr.**




TOYOTA Prius Hybrid EXE
Nýskr. 07/12, ekinn 84 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.990 þús. kr.
TILBOÐ:
**1.990 þús. kr.**




SUBARU Outback LUX
Nýskr. 10/15, ekinn 101 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 4.590 þús. kr.
TILBOÐ:
**3.990 þús. kr.**




HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr. 02/16, ekinn 50 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 6 gírar.
Verð 4.390 þús. kr.
TILBOÐ:
**3.790 þús. kr.**




LAND ROVER Discovery 4 S
Nýskr. 06/15, ekinn 65 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 8 gírar.
Verð 8.290 þús. kr.
TILBOÐ:
**6.990 þús. kr.**




HYUNDAI Santa Fe III Comfort
Nýskr. 06/15, ekinn 72 þ.km, dísil, sjálfskiptur, 6 gírar.
Verð 4.990 þús. kr.
TILBOÐ:
**4.290 þús. kr.**




RENAULT Megane IV Expression
Nýskr. 05/16, ekinn 35 þ.km, bensín, beinskiptur, 6 gírar.
Verð 2.590 þús. kr.
TILBOÐ:
**2.190 þús. kr.**

Birt með fyrirvara um verðbreytingar, innsláttarvillur og myndbrengl.

ENNEMM / SÍA / NM83054

Opið frá kl. 9-18 og
á laugardögum frá kl. 12-16.

Klettháls 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is - www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bílaland




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. Sími 519 6000 — geysir.com.

## VIÐSKIPTI

# Varpa ljósi á umfang skuldsetningar

**Kauphöllin ætlar að birta opinberlega upplýsingar um heildarveðsetningu á íslenskum hlutabréfamarkaði. Gefur vísbendingu um umfang skuldsetningar. Forstöðumaður eftirlitssviðs segir birtinguna geta dregið úr líkum á því að markaðurinn verði of skuldsettur.**

Nasdaq kauphöllin á Íslandi hyggst frá og með deginum í dag taka saman og birta opinberlega upplýsingar um heildarveðsetningu hlutabréfamarkaðarins. Slíkar upplýsingar, sem geta veitt vísbendingar um umfang skuldsetningar, hafa ekki verið birtar áður á evrópskum hlutabréfamörkuðum, eftir því sem best er vitað. Forstöðumaður eftirlitssviðs Nasdaq segir að með birtingunni sé enn eitt skrefið stigið í átt að auknu gagnsæi á markaðinum.

Um er að ræða upplýsingar um meðalveðsetningu skráðra félaga á hlutabréfamörkuðum, þ.e. Aðalmarkaði og First North, reiknað út frá hlutfallslegu vægi hvers og eins félags, en byggt er á gögnum um veðsettar eignir í kerfum Nasdaq verðbréfamiðstöðvar.

Gögnin gefa til kynna að aðeins hafi dregið úr veðsetningu hlutabréfa á síðustu árum. Þannig var meðalveðsetning félaga sem skráð eru í Kauphöllina um 11,25 prósent af heildarverðmæti markaðarins í lok árs 2014 borið saman við 9,97 prósent í lok júní á þessu ári.

Taka skal fram að gögnin sýna einungis beina veðsetningu þar sem veð í verðbréfi hefur verið skráð á reikningi í kerfi Nasdaq verðbréfamiðstöðvarinnar. Gögnin sýna þannig ekki hvert heildarumfang skuldsetningar á hlutabréfamarkaðinum er, en veita þó ákveðnar vísbendingar í þá veru.

Baldur Thorlacius, forstöðumaður eftirlitssviðs Nasdaq Iceland, segir að hugmyndin að því að birta umræddar upplýsingar hafi kviknað eftir að rannsóknarnefnd Alþingis, sem rannsakaði fall bankanna 2008, tók saman sambærileg gögn.

„Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar birtust meðal annars upplýsingar um þróun á markaðsvirði veðsettra hlutabréfa, sem skráð voru í Kauphöllinni, sem hlutfall af heildarvirði markaðarins á árunum fyrir hrun. Þar má sjá að skuldsetningin á markaðinum óx nokkurn veginn í takt við hækkun hlutabréfaverðs. Það sannar auðvitað ekki neitt, en gefur okkur samt vísbendingu um að ákveðin fylgni sé þarna á milli, sem er jafnframt í samræmi við fræðikenningar í þá veru.

Eftir að umræddar upplýsingar birtust í skýrslunni vöktu þær þó nokkra athygli og höfðu margir á orði að ef þeir hefðu vitað að skuldsetningin á markaðinum væri svona mikil, þá hefðu þeir kannski hugsað sig tvisvar um og haldið mögulega að sér höndum,“ segir Baldur.

Margir hafi vitað að skuldsetningin væri mikil en ekki áttað sig á heildarumfanginu. „Það gerir líka hverjum og einum banka erfiðara fyrir í sinni áhættustýringu að vita ekki hver heildarveðsetningin á markaðinum er. Að vita bara sína stöðu en geta ekki gefið sér neitt um hvar markaðurinn stendur.“



**Hvergi í Evrópu eru birtar upplýsingar um heildarveðsetningu á hlutabréfamörkuðum, líkt og til stendur að gera hér á landi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Upplýsingar um veðsetningu gætu því minnkað líkur á að markaðurinn verði of skuldsettur og fjárfestar stökkvi inn á slíkan markað.

Baldur segir að aukin skuldsetning geti verið til marks um aukna bjartsýni á meðal fjárfesta, svo lengi sem hún sé ekki óhófleg. Of mikil skuldsetning geti hins vegar leitt til hækkunar eignaverðs umfram raunvirði til skemmri tíma og eins gert það að verkum að áhrif neikvæðra atburða á hlutabréfaverð verði harkalegri en ella. Ef hlutabréf félags séu að stórum hluta veðsett geti lítil verðlækkun komið af stað keðjuverkun sem leiðir til þess að heildarlækkunin verði mikil og hröð.

„Mikil skuldsetning getur allavega aukið sveiflurnar á markaði. Fyrir vikið höfum við talið æskilegt að það ríkti ákveðið gagnsæi um umfang skuldsetningarinnar og þróun hennar. Þannig geta fjárfestar þá að minnsta kosti verið meðvitaðir um stöðuna og tekið upplýstar ákvarðanir á grundvelli þess hver hún er.“

kristinningi@frettabladid.is

### Aukin upplýsingagjöf á markaði

Eins og kunnugt er tók reglugerð Evrópusambandsins um skortsölu gildi hér á landi 1. júlí síðastliðinn. Í reglugerðinni eru gerðar nokkuð strangar kröfur til fjárfesta um að þeir tilkynni skortstöður sínar til yfirvalda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ef skortstaða fjárfestis í hlutabréfum félags fer yfir sem nemur 0,5 prósentum af útgefnu hlutafé félagsins þarf hann, svo dæmi sé tekið, að birta opinberlega tilkynningu um það. Reglugerðin felur þannig í sér að nokkuð ítarlegar upplýsingar verða birtar með opinberum hætti um skortstöður niður á einstaka hlutabréf.

Baldur segir að með birtingu upplýsinga um annars vegar veðsetningu hlutabréfamarkaðarins og hins vegar skortstöður sé veitt betri innsýn í þau öfl sem geta mögulega haft áhrif á framboð og eftirspurn eftir hlutabréfum. „Það geta vonandi flestir verið sammála um að um sé að ræða gagnlega viðbót við þá flóru upplýsinga sem fjárfestar höfðu áður aðgang að,“ segir hann.







VERÐ FRÁ:

**3.630.000** kr.

Eyðsla frá 3,9 l/100 | $CO_2$ losun frá 104g/km

## VALINN BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2017

Hinn nýi Peugeot 3008 Crossover hlaut hinn eftirsótta titil „Bíll ársins í Evrópu 2017“ nú nýverið. Það er til marks um einstaklega vel heppnaða hönnun og framúrskarandi gæði. Það er sama hvar borið er niður, glæsilegt útlit bílsins að innan sem utan, gæðin, þægindin, akstursleiginleikarnir, allt er eins og best verður á kosið. Peugeot 3008 er hár frá götu, 22 cm undir lægsta punkt og framdrifið er fáanlegt með öflugri Grip Control spólvörn sem kemur honum í gegnum erfiðustu aðstæður. Þráðlaus tækni hleður símann þinn og með Mirror Screen tækninni getur þú notað Apple Car Play eða Mirror Link fyrir Android til að tengja snjallsímann við 8“ skjáinn. Mátaðu þig í frábær sætin og kíktu á rúmgott farangursrýmið. Peugeot 3008 er tímamótabíll með vél sem nýverið hlaut hinn eftirsótta titil Vél ársins (Engine of the Year).

## PEUGEOT 3008

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
Lokað á laugardögum í sumar

# Trump segir soninn opinn og saklausan

**Bandaríkjaforseti segir son sinn verða fyrir barðinu á nornaveiðum. Trump yngri sagði föður sínum ekki frá fundi sem er sagður hluti af stuðningi Rússlandsstjórnar við framboð föður hans. Demókratar saka Trump yngri um landráð á meðan Repúblikanar þegja.**

**BANDARÍKIN** Rannsókn á og umfjöllun um tengsl rússneska ríkisins við forsetaframboð Donalds Trump Bandaríkjaforseta eru mestu nornaveiðar í stjórnmálasögu Bandaríkjanna. Þessu tísti forsetinn í gær.

Donald Trump yngri er mikið til umfjöllunar í Bandaríkjunum, sem og víðar, vegna fundar sem hann sótti í júní á síðasta ári með lögfræðingi er hefur tengsl við rússnesku ríkisstjórnina. Var boðað til fundarins á þeim forsendum að lögfræðingurinn byggi yfir skaðlegum upplýsingum um Hillary Clinton, mótframbjóðanda Trumps eldri.

The New York Times upplýsti Trump yngri um að blaðið ætlaði að birta tölvupóstsamskipti hans við Rob Goldstone, upplýsingafulltrúann sem kom fundinum á. Birti Trump yngri tölvupóstana sjálfur á Twitter. Í þeim sagði forsetasonurinn að hann yrði hæstánægður með að fá téðar upplýsingar. Jafnframt upplýsti Goldstone Trump yngri um að upplýsingarnar væru „liður í stuðningi Rússlands og ríkisstjórnar þess við framboð Donalds Trump“.

Fyrrnefnt tíst Bandaríkjaforseta var sent út í kjölfar viðtals sonarins á sjónvarpsstöðinni Fox News. „Sonur minn, Donald, stóð sig vel í gærkvöldi. Hann var opinskár, gagnsær og saklaus. Þetta eru mestu nornaveiðar í stjórnmálasögunni. Sorglegt!“ tísti forseti Bandaríkjanna.



**Donald Trump yngri hefur orðið fyrir barðinu á miklum nornaveiðum að sögn föður hans.** NORDICPHOTOS/AFP

„Af hverju eru Demókratar ekki meðhöndlaðir á sama hátt? Sjáið hvað Hillary Clinton virðist hafa komist upp með. Skammarlegt!“ tísti Trump síðar um daginn.

Sagði sonurinn í viðtalinu, sem Sean Hannity tók, að hann hefði aldrei sagt föður sínum frá fundinum. „Þetta var svo mikið ekkert. Það var ekkert að segja. Ég meina, ég hefði ekki munað eftir þessu áður en fjölmiðlar fóru að garfa í málinu. Þetta var bara tuttugu mínútna tímasóun, sem er synd.“

Trump yngri sagði jafnframt að hann myndi standa á annan hátt að hlutunum, fengi hann einhverju um það ráðið. „Einhver sendi mér tölvupóst. Ég ræð ekki hvað einhver sendir mér. Ég les það og sendi viðeigandi svar,“ sagði Trump yngri.

Dmítrí Peskov, talsmaður Rússlandsstjórnar, hefur sjálfur neitað tengslum ríkisstjórnarinnar við lögfræðinginn sem sótti fundinn og það hefur lögfræðingurinn sjálfur einnig gert.

**Þetta eru mestu nornaveiðar í stjórnmálasögunni. Sorglegt!**

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna



Demókratar taka þessum nýju upplýsingum ekki af léttúð. Þannig hafa allnokkrir þeirra bendlað forsetasoninn við landráð. Meðal annars öldungadeildarþingmaðurinn Tim Kaine, sem var varaforsetaefni Clinton.

„Það er ekkert sannað enn. En þetta er orðið meira en bara spurningin um að hindra framgang réttvísinnar. Þetta fer að nálgast meinsæri og jafnvel landráð,“ sagði Kaine.

Fulltrúadeildarþingmaðurinn Seth Moulton tók í sama streng. „Ef þetta eru ekki landráð veit ég ekki hvað.“

Enn sem komið er hafa Repúblikanar lítið viljað tjá sig um málið og vísa samkvæmt The Wall Street Journal frekar á þá er fara með rannsókn á áhrifum Rússa á forsetakosningarnar. **thorgnyr@frettabladid.is**




MARSHALL

**RAMÓN BILBAO MATSEÐILL**
*13.-16. JÚLÍ*

**BLEIKJUTARTAR, SÍTRUS, RADÍSUR, CROUTONS**
*MAR DE FRADES – RIAS BAIXAS*
—
**CANNELONI, RICOTTA, VALHNETUR, GRÁÐOSTUR**
*RAMÓN BILBAO EDICION LIMITADA – RIOJA*
—
**GRILLAÐUR LAMBAHRYGGUR, BOK CHOY, HVÍTLAUKSKARTÖFLUMÚS**
*RAMÓN BILBAO GRAN RESERVA – RIOJA*
—
**MASCARPONE, JARÐABER, PISTASÍUR**
*ASTI GANCIA SPUMANTE – PIEDMONT*

**MATSEÐILL 7900**
*MEÐ VÍNPÖRUN 13300*

DESDE 1924
RAMÓN BILBAO
HARO · RIOJA ALTA

Marshallhúsið – Grandagarður 20, 101 Reykjavík . Með strætó, leið 14 (Listabraut)
**Bantið borð í síma** 519 7766 eða á www.marshallrestaurant.is

**RESTAURANT + BAR**


DIESEL
I will be
no angel,
my angel
BAD
DIESEL
DIESEL
BAD
Diesel kynning
dagana 13-19. júlí
í verslunum Hagkaups
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM DIESEL VÖRUM
Kaupauki fylgir öllum keyptum Diesel ilmum
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Ástand heimsins










**1** Donald Trump Bandaríkjaforseta er harðlega mótmælt þessa dagana vegna meintra tengsla við rússneska ríkið. Hér má sjá mótmælendur hengja skilti um háls líkneskis af forsetanum þar sem hann er kallaður strengjabrúða Rússlandsforseta.

**2** Á hverju ári bera spænskir munkar líkneski Maríu meyjar niður að Puerto de la Cruz-höfn á eynni Tenerife. Er líkneskið síðan sett um borð í bát og ef veður leyfir sigla munkarnir stutta vegalengd með líkneskið.

**3** Í steikjandi hita getur verið gott að kæla sig niður með smá vatnsgusu. Það gerði þessi herramaður í Alimos-hverfi grísku höfuðborgarinnar Aþenu í gær. Hitinn í borginni fór yfir fjörutíu gráður.

**4** Hin afgansk-bandaríska Shaesta Waiz fékk höfðinglegar móttökur í afgönsku höfuðborginni Kabúl í gær. Freistar Waiz þess nú að verða yngsta konan til að fljúga ein síns liðs umhverfis jörðina og stoppaði hún í Kabúl í gær. Waiz fæddist í flóttamannabúðum í Afganistan fyrir 29 árum en fluttist til Bandaríkjanna stuttu síðar.

**5** Mikil flóð ríða nú yfir Assam-fylki Indlands. Setti þessi íbúi bæjarins Jhargoan geitur sínar í strigapoka í gær og pokann á hjól sitt svo geiturnar þyrftu ekki að synda í flóðvatninu. Alls hafa flóðin hrakið 350.000 manns frá heimilum sínum.

NORDICPHOTOS/AFP






13.–15. JÚLÍ Í FAXAFENI

# GÁMASALA!

FULLUR GÁMUR AF NÝJUM HJÓLUM SEM VIÐ ÞURFUM AÐ LOSNA VIÐ – STRAX!



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

AÐEINS 3 DAGAR

GÁP
WWW.GÁP.IS

FAXAFENI 7 · SÍMI 5 200 200

KROSS mongoose cannondale

# Út úr kú



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Hægt væri að ná meiri og hraðari árangri í baráttunni gegn loftslagsbreytingum á jörðinni ef mannfólkið væri tilbúið að breyta neyslumynstri sínu þegar matvæli eru annars vegar sem myndi síðan leiða til breytinga á landbúnaði.

Búfénaður í landbúnaði, sem samanstendur af nautgriparækt, svínarækt, sauðfjárrækt og kjúklingarækt, ber ábyrgð á 18 prósentum af allri losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum eða meira en samanlagðri losun allra vélknúinna ökutækja á jörðinni, sem nemur um 13 prósentum af heildarlosun, eins og kemur fram í hinni sláandi heimildarmynd Cowspiracy: The Sustainability Secret. Tölfræðin byggir á gögnum frá Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna. Hér er um að ræða öll vélknúin ökutæki, loftför og sjóför sem eru í notkun á jörðinni. Ef hliðarafurðir landbúnaðarins eru teknar með í reikninginn fer hlutfall heildarlosunar upp í 51 prósent. Það er dálítið merkilegt að þegar öll áherslan í baráttunni gegn loftslagsbreytingum virðist vera á endurnýjanlega orkugjafa í framleiðslu og notkun á öðrum orkugjöfum en jarðefnaeldsneyti, þegar samgöngur eru annars vegar, þá er stærsta vandamálið fyrir framan nefið á okkur í matnum sem við borðum.

Metan er mjög öflug gróðurhúsalofttegund og talið er að metan hafi 86 sinnum meiri áhrif á loftslagsbreytingar á 20 ára tímabili en koltvísýringur. Metanlosun nautgripa er öllu meiri en hjá sambærilegum villtum tegundum vegna fóðurs. Talið er að það séu 1,5 milljarðar nautgripa á jörðinni en hver og einn losar um 100-500 lítra af metan á sólarhring. Eyðileggingarmáttur metans er 25-100 sinnum meiri en koltvísýrings á 20 ára tímabili. Það er algjörlega út úr kú að hugsa til þess að stærsta mengunarvandamálið á jörðinni sé bókstaflega út úr kú.

Talið er að losun landbúnaðarins á gróðurhúsalofttegundum muni vaxa að óbreyttu um 80 prósent fyrir árið 2050. Þetta er skuggalegt þegar haft er í huga hversu miklum tíma og peningum mannfólkið ver í fjárfestingu og þróun á nýrri umhverfisvænni tækni í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.

Kjötneysla mannsins og framleiðsluhættir í landbúnaði eru miklu veigameiri þáttur í loftslagsbreytingum en bensínknúin ökutæki. Fólk gæti þannig haft miklu meiri jákvæð áhrif á baráttuna gegn loftslagsbreytingum með því að sleppa því að borða hamborgara og sniðganga mjólkurvörur en að keyra Nissan Leaf.

Það getur verið mjög erfitt fyrir fólk að breyta neysluvenjum sínum. Sérstaklega ef þær eiga sér margra áratuga sögu. Hér skal heldur ekki fullyrt að fólk eigi að hætta að borða kjöt. Það er auðvitað val hvers og eins. Það er þægilegt að réttlæta kjötneyslu með vísan til þess að kjöt er gott og lífið er stutt. Er eitthvað sem getur komið í staðinn fyrir góðan hamborgara? Það er samt ágætt að vita hvar vandamálið liggur þegar loftslagsbreytingar eru annars vegar. Það er mikilvægt að skilja afleiðingar eigin neyslu og orsakasambandið á milli landbúnaðar og loftslagsbreytinga.

**Kjötneysla mannsins og framleiðsluhættir í landbúnaði eru miklu veigameiri þáttur í loftslagsbreytingum en bensínknúin ökutæki.**

Íslensk paprika, gúrkur, tómatar og jarðarber í miklu úrvali.




nettó

## Halldór




## Frá degi til dags

**Jákvætt skref**

**Samgönguráðuneytið ætlar að fjölga leigubílaleyfum á höfuðborgarsvæðinu um níutíu á næstunni. Þá munu leyfin verða 650 talsins eftir breytinguna. Takmörkun á fjölda leigubílaleyfa skapar markað fyrir svokallaða harkara, sem aka fólki fyrir fé án þess að gefa tekjur sínar upp til skatts. Best væri því að gefa öllum þeim sem vilja aka fólki fyrir fé fullt leyfi til þess með því skilyrði að þeir gefi upp tekjur sínar. Þegar ferðamönnum fjölgar um 40 prósent á ári er í það minnsta full ástæða til að slaka á þeim takmörkunum sem gerðar eru. Þetta skref samgönguráðherrans er því jákvætt skref.**

**Hvað með okkur hin?**

**Kári Stefánsson er ekkert á leið að setjast í helgan stein þótt hann sé kominn fast að sjötugu. Hann segist vorkenna fólki sem hleypur á eftir hvítum boltum. Eins og flestum er kunnugt hefur Kári helgað sig rannsóknum á erfðum og í gær var tilkynnt að honum muni hlotnast verðlaun bandaríska mannerfðafræðifélagsins. Mikið væri gott fyrir okkur hin ef hægt væri að finna letigenið.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Himnesk þjónusta



Guðjón Brjánsson
alþingismaður

Draumaferð fyrrverandi þingmanns og ráðherra Sjálfstæðisflokksins til Svíþjóðar varð að fjölmiðlaefni fyrir skömmu. Þangað fór hún í fimm manna hópi í liðskiptaaðgerð. Svo vildi til að Klíníkin skipulagði ferðina en þar er forstjóri og aðaleigandi gömul samstarfskona og flokkssystir ferðalangsins. Meðeigendur fyrirtækisins eru úr fjölskyldu forsætisráðherra.

Allir farþegarnir voru af biðlista Klíníkurinnar, enginn hafði verið á bið hjá Landspítala, á Akureyri eða Akranesi. Stofa þessi hefur verið að reyna að brjóta sér leið að opinberum sjóðum til að veita heilbrigðisþjónustu. Sérkennilegt hvernig þetta ber allt að, kannski óheppileg tilviljun í samhengi hlutanna.

Ferðinni lýsti ráðherrann fyrrverandi af tilfinningamóð í viðtölum. Hámarki sælunnar virtist náð þegar rennt var í hlað spítalans góða og henni tjáð að þetta væri einkarekið sjúkrahús sem að eigin sögn kom algjörlega flatt upp á hana. Allt voru þetta mikil undur og dásemdin ein.

Ferðin var farin á grundvelli EES-tilskipunar um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. Sú heimild er ein afurð þess ágæta samstarfs sem jafnaðarmenn knúðu í gegn fyrir 25 árum. Draga þurfti Sjálfstæðisflokkinn með, bæði tregan og klofinn. Það er ánægjulegt að flokksmaðurinn skuli hafa fengið að upplifa kosti þessa sambands svo jákvætt á eigin skinni.

Hún rakti himinlifandi í viðtölum að ríkið greiddi allan kostnað. Um þessar ferðir gilda ákvæði reglugerðar nr. 484/2016 sem Sjúkratryggingar Íslands framfylgja skv. settum skilyrðum.

Það er skömm að bið eftir brýnum aðgerðum skuli vera svo löng á Íslandi, og ástæðan er mannanna verk. Ráðandi öfl í samfélaginu úr hópi Svíþjóðarfarans hafa ljóst og leynt svelt opinberar heilbrigðisstofnanir en alið við brjóst sér einkareknar heilbrigðisstofur sem leika lausum hala á kostnað annarra þátta.

Samfylkingin er með fullbúnar tillögur um stóraukið fé til heilbrigðisþjónustunnar, einkum Landspítala og annarra sjúkrahúsa og nálgast þar með Norðurlönd. Með því yrði hægt að taka á biðlistum og draga úr greiðslum fyrir dýrar aðgerðir erlendis.

**Ráðandi öfl í samfélaginu úr hópi Svíþjóðarfarans hafa ljóst og leynt svelt opinberar heilbrigðisstofnanir.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Svíum vegnar vel, en …

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Fyrir aldarfjórðungi geisuðu harðar deilur í Svíþjóð um efnahagsmál. Stjórnarstefna jafnaðarmanna sem höfðu verið lengi við völd – samfleytt frá 1932 til 1976, lengst af í minnihlutastjórn, og síðan aftur 1982-1991, 1994-2006 og frá 2014 – sætti margvíslegri gagnrýni. Sumir töldu stjórnvöld ganga of langt í viðleitni sinni til að jafna lífskjör almennings á kostnað gróandi atvinnulífs. Aðrir sögðu skattbyrði fólks og fyrirtækja of þunga. Enn aðrir sögðu verklýðsfélög fá að ráða of miklu um landsstjórnina. Opinberar hagtölur sýndu að Svíþjóð hafði dregizt aftur úr nokkrum öðrum iðnríkjum mælt í þjóðartekjum á mann.

**Svíþjóð og Argentína**

Engum gat þó dulizt Grettistakið sem ríkisstjórn jafnaðarmanna og forsætisráðherrarnir Per Albin Hansson (1932-1946) og Tage Erlander (1946-1969) höfðu náð að lyfta. Svíþjóð var bláfátæk um aldamótin 1900 og missti um fjórðung landsmanna vestur um haf 1870-1920 á flótta undan fátækt og stöðnun, röska milljón manns af fimm, hærra hlutfall en Ísland missti, um fimmtung, gróft reiknað.

Svíþjóð stóð jafnfætis Argentínu um aldamótin 1900. Þjóðartekjur á mann voru þá hinar sömu í löndunum tveim og hélzt það jafnvægi fram til 1930. Þá skildi leiðir því Argentína varð illa úti í heimskreppunni 1929-1939, en Svíþjóð ekki því Svíum tókst með tímabundnum ríkishallarekstri að bægja kreppunni að mestu frá landinu.

Stjórnarfarið batnaði smám saman í Svíþjóð. Lýðræði skaut rótum og hefur nú staðið óskorað frá 1917 þegar sænskar konur fengu kosningarrétt. Argentína bjó að lýðræði framan af 20. öldinni en landið varð einræði að bráð í kreppunni sem skall á 1929 og sneri ekki aftur til lýðræðis fyrr en 1983. Hagstjórn undir einræði í Argentínu varð afturhaldssöm og innhverf. Landeigendur sölsuðu undir sig auð og völd. Hagstjórn undir merkjum lýðræðis í Svíþjóð hafði annan svip. Svíar áttu viðskipti við umheiminn og lögðu rækt við jöfnun lífskjara. Svíum tókst að þoka sér fram í fremstu röð ríkra landa. Lífskjaramunurinn á Svíþjóð og Argentínu sem hafði enginn verið 1930 var orðinn þrefaldur 1960 og sexfaldur í fyrra, 2016.

**Viðsnúningur**

Árin eftir 1990 sýndu opinberar hagtölur samt að Svíþjóð hafði dregizt aftur úr Danmörku og öðrum iðnríkjum. Fjármálakreppan sem reið yfir Finnland, Noreg og Svíþjóð 1989-1994 en ekki Danmörku átti talsverðan þátt í þessari þróun. Og viti menn: stjórnvöld tóku gagnrýnina alvarlega. Ríkisútgjöld voru skorin niður úr 64% af landsframleiðslu 1995 í 50% 2015. Þessum umskiptum fylgdi léttari skattbyrði fólks og fyrirtækja og einnig léttari skuldabyrði ríkissjóðs.

Gini-stuðullinn sem er algengur mælikvarði á jöfnuð í tekjuskiptingu þokaðist á sama tíma upp á við hvort sem miðað er við vinnutekjur eingöngu eða fjármagnstekjur eru taldar með. Hærri Gini-stuðlar vitna um minni jöfnuð, en Svíþjóð hélzt þó áfram í hópi þeirra landa þar sem tekjuskiptingin telst vera jöfnust.

Þá var dregið úr veldi verklýðsfélaga með því m.a. að leggja niður umdeilda launþegasjóði sem komið hafði verið á með lögum 1983 að frumkvæði alþýðusambandsins og borgarastjórnin afnam síðan 1991 (og jafnaðarmenn reyndu ekki að endurreisa þegar þeir komust aftur til valda 1994). Launþegasjóðunum var ætlað að veita fulltrúum launþega beina aðild að fjárfestingum atvinnulífsins og mynda mótvægi við fjármagnseigendur til að efla atvinnulýðræði. Harðar deilur risu um hvort vægi þyngra, valddreifingin sem aðild fulltrúa launþega að fjárfestingum sjóðanna var ætlað að tryggja eða hið nýja lögboðna vald verklýðsfélaganna sem margir óttuðust að myndi draga úr hagkvæmni fjárfestingar og bitna á lífskjörum til lengdar. Tilraunin stóð stutt, 1983-1991, og þykir eftir á að hyggja ekki hafa skilað tilætluðum árangri. Enda hefði fjármagn ella flúið land eftir að fjármagnsflutningar milli landa urðu frjálsir um líkt leyti frekar en að lúta valdi verklýðsfélaga.

**Með pálmann í höndunum, en …**

Sænsk stjórnvöld brugðust vel við ábendingum hagfræðinga og annarra m.a. um hætturnar sem fylgja miklum ríkisafskiptum, stórtækri endurskiptingu tekna og miklu veldi verklýðsfélaga. Skattkerfið var endurbætt, kjarasamningagerð var endurskipulögð til að girða fyrir kollsteypur með gamla laginu, og ríkiseinokun vék fyrir samkeppni á ýmsum sviðum í skjóli inngöngu Svía í ESB 1994. Efnahagslífið tók kipp. Margt er þó enn ógert, m.a. í húsnæðis- og innflytjendamálum. Svíar hafa tekið við tiltölulega fleiri innflytjendum en aðrar Evrópuþjóðir án þess að ráða við að laga þá vel að sænsku samfélagi eða veita þeim tímanlega vinnu. Svíþjóðardemókratar eru nú þriðji stærsti flokkurinn í sænska þinginu, en enginn hinna flokkanna virðir þá viðlits. Horfurnar eru því óvissar.

BOSCH

# Þvottavél sem sannarlega stendur vel í stykkinu.

Við bjóðum hina eftirsóttu Bosch-þvottavél, WAT 284B9SN, nú á einstöku tilboðsverði.




WAT 284B9SN er búin öllum þeim kostum og eiginleikum sem menn þurfa á að halda í dagsins önn. Tekur 9 kg og hefur íslenskt stjórnborð. 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótor með 10 ára ábyrgð. Dropalaga tromla („VarioDrum") sem fer einstaklega vel með þvottinn. 15 mín. hraðþvottakerfi. Skyrtukerfi. Tromluhreinsun. Mjög stöðug og hljóðlát.

Tilboðsverð:
**74.900 kr.**
Fullt verð: 109.900 kr.
WAT 284B9SN

9 kg · Kolalaus mótor · A+++ Orkuflokkur · 2016 Framúrskarandi fyrirtæki

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

Gildir til og með 24. júlí eða meðan birgðir endast. Takmarkað magn.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


KRÓNAN
Krónan mælir með!
199 kr. pk.
Paraguayos steinaldin 500 g, Spánn
259 kr. pk.
Nektarínur 1 kg. Spánn
#Grillsnilld
KRÓNAN
Gott verð!
149 kr. kg
Rauðar vatnsmelónur, Spánn
Tilboðin gilda til 17. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

EINS OG HEIMAGERÐUR
100%
UNGNAUTAHAKK




Nýtt!

**399** kr. pk.
Fabrikku kjúklingavængir, HOT eða BBQ



## 100% hamborgara-búðin þín!

90g - 459 kr. pk.
120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.

★★★

**NÝ AÐFERÐ**
**Betri hamborgari!**

★★★

alltaf 2 stk. í pakka

**Enn betri hamborgarar!**




**499** kr. stk.
Kartöflusalat, 400 g

#Grillsnilld
KRÓNAN




**2199** kr. kg
Fabrikku grísarif




12 stk. í pakka

Smáborgarar, brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

**1999** kr. pk.
12 stk. í pakka, 100% hágæða smáborgarar


KRÓNAN
New York marinering
Ítölsk marinering
Hvítlauks-marinering
Gott verð!
1499 kr. kg
Lúxus grísakótilettur, úrval marineringa, Spánn
#Grillsnilld
KRÓNAN
Gott verð!
1499 kr. kg
Grísahryggur úrbeinaður, Spánn
Gott verð!
2379 kr. kg
Laxaflök beinhreinsuð, í mangó chilí eða lime og smjöri
Tilboðin gilda til 17. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

Ódýrt

Ódýrt




**99** kr. stk.

Bear ávaxtasnakk

Ódýrt

# Gott í ferðalagið







**89** kr. stk.

Instant hafragrautur, 57 g

**199** kr. pk.

Gestus rískex með súkkulaði

Tilboðin gilda til 17. júlí. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Í hvers konar samfélagi viljum við búa?





**Bergur Þór Ingólfsson**
leikari og leikstjóri

**Þröstur Leó Gunnarsson**
leikari og leikstjóri

Þegar öllu er á botninn hvolft, þá snýst þetta um það hvers konar samfélagi við viljum búa í," voru orð Arnars Þórs Jónssonar, lektors við lagadeild Háskólans í Reykjavík, vegna þeirra viðbragða sem urðu hjá þjóðinni þegar Robert Downey (ensk beyging), fyrrum Róberti Árna Hreiðarssyni, var veitt uppreist æru og lögmannsréttindi í kjölfarið. Lektorinn var ekki að taka undir með réttlætiskennd þolenda kynferðisglæpamanns, heldur gegn henni.

Undirritaðir eru ósammála skoðunum Arnars Þórs en ætla samt að gera orð hans hér að ofan að sínum.

## Kemst barnið þitt yfir tvítugt án þess að verða fyrir kynferðisofbeldi?

Við sem skrifum þessa grein erum báðir í sömu starfsstétt, margra barna feður og á annar okkar dóttur sem Róbert Árni braut á kynferðislega þegar hún var barn að aldri. Þykir okkur lítið gert úr sársauka og raunum allra þeirra sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi þegar núverandi forsætisráðherra tók þá ákvörðun að mannorð kynferðisglæpamanns skyldi nú óflekkað og fengi undirskrift forseta Íslands því til staðfestingar.

Þannig er nefnilega mál með vexti að báðir eigum við tvær dætur sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Samtals fjórar stúlkur. Á ýmsan hátt hefur þeim verið nauðgað, þær beittar ofbeldi og misnotaðar kynferðislega. Þeirri fimmtu var byrluð ólyfjan en henni komið undir læknishendur áður en frekari glæpir áttu sér stað. Fyrirfram héldum við að slík tölfræði væri ómöguleg. Í ofanálag hefur öðrum okkar ekki enn tekist að koma dætrum sínum yfir tvítugsaldurinn án þess að þær hafi verið beittar kynferðislegu ofbeldi. Í hvernig samfélagi viljum við búa?

Nú getum við ekki lengur áfellst sjálfa okkur fyrir að hafa ekki verndað dætur okkar nógu vel. Við getum ekki annað en reynt að hafa eins hátt og okkur er unnt þar til menningarlegur umsnúningur verður hjá yfirvaldinu og þjóðinni hvað þessi mál varðar. Það verður nefnilega hvorki gert með því að setja límmiða yfir glösin þeirra né skipa þeim að fara í síðari pils.

## Nauðganir jafn sjálfsagðar og jólin

Aldrei höfðu fleiri leitað á neyðarmóttöku Landspítalans vegna kynferðisbrota en í fyrra, alls 169, og voru aðeins lagðar fram kærur í 68 tilfellum, ekki hefur komið fram hvað margir aðilar ákváðu að fara ekki á móttökuna. Útlit er fyrir að þetta vafasama met verði slegið í ár. Ísland er í öðrum flokki hvað mansalsmál varðar. Verslunarmannahelgar fara ekki fram án nauðgana. Þetta er ólíðandi ástand.

Af fimm dætrum okkar sem brotið var á (við teljum eiturbyrlun vera brot) fékk ein réttlæti. Réttlæti sem læknaði ekki sálarsár hennar en rangindin sem hún var beitt voru viðurkennd af yfirvaldi þótt glæpamaðurinn hafi aldrei viðurkennt brot sín. Til varnar öðrum þegnum sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér voru réttindi hans til yfirvalds í samfélaginu einnig dæmd af honum ásamt mjög vægri fangelsisvist miðað við þann skaða sem hann olli þjóðfélaginu og þeim einstaklingum sem hann braut á. Að liðinni fangelsisvistinni gekk lífið sinn vanagang. Flestir fengu sitt daglega brauð, margir fóru í sumarfrí, sumir héldu jól og mörgum var nauðgað án þess að réttlæti fengist. Rétt eins og venjulega. Yngri dætur okkar fengu meðal annars sinn skerf af þessu óréttlæti og ofbeldi. Í tilfelli vinkonu einnar þeirra fékkst ekki viðurkenning á broti fyrir dómi á þeim forsendum að nauðgarinn hefði ekki gert sér grein fyrir því að hann væri að nauðga henni.

## Svona hefur þetta bara alltaf verið

Svo gerðist það þann 16. september 2016 að forseti Íslands veitti þeim eina brotamanni sem hlotið hafði dóm fyrir níð á dætrum okkar uppreist æru að tillögu Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra sem varð forsenda þess að hinn dæmdi hlaut aftur stöðu yfirburða í samfélaginu. Ekki vitum við hversu hart fjölmiðlar hafa gengið að Bjarna um að rökstyðja þessa embættisgjörð sína en þau einu svör sem fengist hafa eru eitthvað á þá leið að svona hafi þetta nú bara alltaf verið. Rétt eins og páskar, jól og nauðganir. Þess vegna settu tveir æðstu menn þjóðarinnar nafn sitt við þessa gjörð líkt og drengir í hlutastarfi á bílaþvottastöð. „Svona hefur þetta bara alltaf verið." (Við biðjum drengi í bílaþvotti afsökunar á samjöfnuninni því við viljum ekki gera þeim upp þvílíkt andleysi en ábyrgð þeirra er samt sem áður ekki jöfn við æðstu ráðamenn – sem þeir reyndar hafa ekki gengist við.)

Ein af fimm dætrum okkar hlaut réttlæti sem var síðan sullað út í kæruleysislegri en drambsamri embættisfærslu sitjandi forsætisráðherra. 20% réttlæti varð skyndilega að núlli. Það samkomulag sem dómurinn hafði gert við þolendurna var rofið. Brotamaðurinn hafði afplánað refsinguna og hefði einfaldlega getað bætt sig sem borgari án þess að krefjast í hroka sínum yfirburðastöðu í þjóðfélaginu og yfirvaldið þurfti ekki að ganga að henni.

## Ójöfn skipting frelsis og tækifæra

John Rawls (1921-2002) er af mörgum álitinn merkasti stjórnmálaheimspekingur síðari hluta 20. aldar. Höfuðrit hans er bókin Kenning um réttlæti (A Theory of Justice) sem kom út árið 1971. Bókin endurvakti hugmyndir um réttlæti og samfélagssáttmála sem grundvöll stjórnmála. Í henni segir Rawls meðal annars:

„Öll frumgæði mannlegs samfélags – frelsi og tækifæri, tekjur og auður og forsendur sjálfsvirðingar – eiga að skiptast jafnt á fólk nema því aðeins að ójöfn skipting einhverra eða allra þessara gæða sé þeim til hagsbóta sem verst eru settir."

Segjum sem svo að engin þeirra kvenna sem Robert Downey braut á hafi lokið stúdentsprófi vegna baráttu sinnar við kvíða og áfallastreituraskanir, þá á engin þeirra rétt á framhaldsskólamenntun núna vegna þeirra illu og ranglátu laga sem Illugi Gunnarsson kom á í ráðuneyti menntamála. Engin þeirra var heldur spurð álits á ó-flekkun mannorðs þess sem níddist á þeim og beitti aflsmunum sínum og forréttindum til að brjóta á þeim. Réttlátt væri að tækifærin væru þeirra. Réttlátt væri að þær þyrftu ekki að óttast að mæta í framtíðinni með svívirtum börnum sínum (sem tölfræðin sýnir að ansi miklar líkur séu á) í réttarsal þar sem hann gæti mögulega verið verjandi gerandans. En svona hefur þetta bara alltaf verið. Tækifærin eru þeirra sem valdinu beita.

Rawls skrifar einnig:

„Réttlæti er höfuðkostur á stofnunum samfélags, eins og sannleikurinn er á kenningum. Það er sama hversu fögur og nýtileg kenning er: ef hún er ósönn verður að breyta henni eða hafna. Eins er um stjórnarskrár og stofnanir. Það er sama hversu haganlega þeim er fyrir komið, og hversu gagnlegar þær eru: ef þær eru ranglátar verður að breyta þeim eða bylta."

Við höfum rekið okkur á að minnsta kosti í þrígang í máli Roberts Downey hingað til að ef Nýja stjórnarskráin hefði verið við lýði þá hefði atburðarásin verið önnur; samviska forsetans hefði ekki verið sett í vonda stöðu, upplýsingalögin hefðu verið opin en ekki lokuð og tillit tekið til verndar börnum hvað ákvarðanir varðar. Gamla stjórnarskráin stendur því í þessu samhengi fyrir viðhorfið: „Svona hefur þetta bara alltaf verið."

## Höfum hátt

Hreyfum við hugsunarhætti okkar. Hættum að setja ábyrgðina á þolendur. Krefjumst ábyrgðar af ráðamönnum. Siðmenning er að hugsa fyrst um hag þeirra sem höllum fæti standa.

Í hvernig samfélagi viljum við búa? Samfélagi sem verndar börnin okkar og þau sem minna mega sín eða samfélagi þar sem þeir sem meira mega sín fara kæruleysislega sínu fram af hroka og yfirlæti? Samfélagi sem lokar á upplýsingagjöf eða samfélagi sem býður upp á upplýst gegnsæi? Við hvetjum feður og mæður þessa lands til að spyrna við fótum, hafa hátt og krefjast breytinga. Krefjumst réttláts þjóðfélags fyrir börnin okkar.

**Nú getum við ekki lengur áfellst sjálfa okkur fyrir að hafa ekki verndað dætur okkar nógu vel. Við getum ekki annað en reynt að hafa eins hátt og okkur er unnt þar til menningarlegur umsnúningur verður hjá yfirvaldinu og þjóðinni hvað þessi mál varðar.**







# Rannsóknir í ferðaþjónustu



**Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir**
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins, spyr í grein hér í blaðinu hvort flækjustigið í ferðamálum sé ekki of mikið. Tilefnið eru orð mín um að efla þurfi rannsóknir í ferðamálum og koma upp eins konar „lítilli Hafró". Sigurður telur að slík stofnun væri óþörf og myndi auka á flækjustigið.

Ég hef ekki séð þetta verkefni fyrir mér sem nýja stofnun heldur fremur sem styrkingu á því sem fyrir er; vonandi nógu mikla styrkingu til að hægt verði að tala um gerbreytingu á rannsóknaumhverfi greinarinnar. Samanburðurinn við Hafrannsóknastofnun er til þess ætlaður að varpa skýru ljósi á þann reginmun sem er á stuðningsumhverfi þessara tveggja stóru atvinnugreina, ferðaþjónustu og sjávarútvegs, og opna augu fólks fyrir þörfinni.

Ég leyfi mér að vona að við Sigurður Ingi séum sammála um að mikilvægt sé að efla þessa stoðþjónustu greinarinnar. Ég tek undir með honum að samhliða því skulum við forðast eftir megni að flækja málin.

# Svaraðu nú Benedikt





**Bjarnheiður Hallsdóttir**
eigandi Katla Travel og Katla DMI

**Pétur Óskarsson**
eigandi Katla Travel og Katla DMI

Opið bréf til Benedikts Jóhannessonar, fjármálaráðherra.

Hæstvirtur ráðherra.

Við sem þessi orð ritum rekum ferðaheildsölufyrirtæki í Þýskalandi sem sérhæfir sig í ferðum til Íslands og ferðaskrifstofu á Íslandi, sem skipuleggur bæði hóp- og einstaklingsferðir fyrir erlenda ferðamenn á Íslandi. Þessa dagana sitjum við við það verkefni að verðleggja þjónustu okkar fyrir árið 2018. Við erum frekar seint á ferðinni með þetta, höfum dregið þetta verkefni á langinn. Enda er það óvenju flókið og þó höfum við séð ýmislegt á þeim aldarfjórðungi sem við höfum starfað við þetta. Ástæðan fyrir því eru óvissuþættir í rekstrarumhverfinu sem við störfum í. Einkum og sér í lagi er þar um að ræða ofursterkt gengi krónunnar, sem þvingar okkur til að hækka verð á milli ára um tugi prósenta. En eins og það væri ekki nóg, þá hanga fyrirætlanir þínar og ríkisstjórnarinnar um að færa ferðaþjónustuna upp í efsta þrep virðisaukaskattsins þann 1. júlí 2018 eins og fallöxi yfir greininni.

Hvað sem mönnum kann að finnast um þessa fyrirhuguðu hækkun, þá er það auðvitað óásættanlegt með öllu að ekki sé búið að útkljá þetta mál, nú þegar ferðaþjónustan þarf að ganga frá sínum samningum fyrir næsta ár. Við vitum ekki hvað þú þekkir vel til starfsumhverfis alþjóðlegrar ferðaþjónustu – en kaupin gerast þannig á eyrinni, að það þarf að fastsetja verð langt fram í tímann. Verðhækkunum vegna skattahækkana á einstökum áfangastöðum er samkvæmt evrópskum neytendaverndarlögum EKKI hægt að velta út í verðlag á alferðum eftir á. Enginn þingmaður eða ráðherra í ríkisstjórninni hefur tekið undir þessa hugmynd þína að hækka virðisaukaskattinn á miðju árinu 2018, þú ert einn eftir sem ekki hefur dregið í land í þessu máli. Nú þarft þú að svara okkur, svara okkur skýrt og þannig að við getum treyst orðum þínum.

**Við vitum ekki hvað þú þekkir vel til starfsumhverfis alþjóðlegrar ferðaþjónustu – en kaupin gerast þannig á eyrinni, að það þarf að fastsetja verð langt fram í tímann.**




# SPORTLEGUR LÚXUS

Ford Focus ST-Line er sérstök útfærsla af Ford Focus. Ford Focus ST-Line er sportlegur í útliti með álpedulum og sportstýri. Hann er sérlega skemmtilegur í akstri með hinni aflmiklu og margverðlaunuðu 150 hestafla EcoBoost vél. Sportleg sætin auka enn frekar á akstursánægjuna. Ford Focus ST-Line er vel búinn, með sportfjöðrun og stútfullur af sportlegum eiginleikum.

FORD FOCUS ST-LINE FRÁ

**3.390.000** KR.

FORD FOCUS FRÁ **2.890.000** KR.

### ST-Line búnaður

- 150 hestafla EcoBoost vél
- 8“ snertiskjár í miðjustokk
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- SYNC samskiptakerfi sem tengist snjallsíma
- Fimm stjörnu öryggi hjá EURO NCAP
- 17” Rock Metalic álfelgur
- ST-Line merkingar á hliðum
- ST-Line útlitskitt og innstigshlífar
- ST-Line LED framljós
- ST-Line þriggja arma leðurklætt stýri
- ST-Line sportsæti og sportpedalar

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Focus ST-Line***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
Lokað á laugardögum í sumar

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

## Nýjast

**Forkeppni Meistaradeildar**

**FH - Víkingur Götu 1-1**

1-0 Emil Pálsson (49.), 1-1 Adeshina Lawal, víti (73.).

*Seinni leikurinn fer fram í Færeyjum 19. júlí.*

HALDA VALSMENN HREINU ÞRIÐJA EVRÓPULEIKINN Í RÖÐ? Valsmenn taka í kvöld á móti slóvenska liðinu Domzale í fyrri leik liðanna í 2. umferð forkeppni Evrópudeildarinnar í fótbolta. Leikurinn fer fram á Valsvelli á Hlíðarenda og hefst klukkan 20.00. Valsmenn slógu Ventspils FK frá Lettlandi út í fyrstu umferð og hélt Valsliðið þá marki sínu hreinu í báðum leikjum. Það er mikilvægt fyrir Valsmenn að fá ekki á sig mark í kvöld.

MEÐ ÞJÁLFARA OG ÍÞRÓTTASÁLFRÆÐING Á GOLFVELLI TRUMPS Atvinnukylfingurinn Valdís Þóra Jónsdóttir hefur leik í dag á Opna bandaríska meistaramótinu í golfi. Mótið fer fram á Trump National Golf Club, Bedminster, N.J. og stendur það yfir í fjóra daga. Mótið er eitt af fimm risamótum hvers árs á LPGA-mótaröðinni og komst Valdís inn í mótið með góðum árangri á úrtökumóti sem fram fór á Englandi í júní. Valdís Þóra verður í ráshóp með Yan Liu frá Kína og áhugakylfingnum Dylan Kim fyrstu tvo dagana. Þær hefja leik kl. 14.20 að staðartíma eða 18.20 að íslenskum tíma. Mótið fer fram á einum af mörgum golfvöllum sem eru í eigu Donalds Trump Bandaríkjaforseta. Búist er við því að hann mæti á svæðið og er öryggisgæslan á vellinum gríðarleg að sögn Hlyns Geirs Hjartarsonar, þjálfara Valdísar Þóru. Hlynur verður kylfuberi hennar í mótinu. Tómas Freyr Aðalsteinsson íþróttasálfræðingur er einnig mættur til aðstoðar.



## Í dag

**18.00 US Women's Open** Sport4
**20.00 John Deere Classic** Golfst.
**20.00 Valur - Domzale** Valsvöllur

# Vonbrigði gegn Götustrákunum



**Púðurskot í Krikanum** Íslandsmeistarar FH fóru illa að ráði sínu þegar þeir gerðu 1-1 jafntefli við Víking Götu frá Færeyjum í fyrri leik liðanna í 2. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu í Kaplakrika í gær. FH-ingar komust yfir en fengu á sig jöfnunarmark sem gæti reynst dýrkeypt. Færeyska liðinu dugir markalaust jafntefli í seinni leiknum á heimavelli á miðvikudaginn í næstu viku til að komast áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ég er alltaf jafn stressaður

Haraldur Dean Nelson er afar stoltur af syni sínum, Gunnari, sem er í aðalbardaga á UFC-kvöldi í Glasgow um helgina. Ef vel fer á þessu stóra kvöldi vonast faðirinn eftir því að Gunnar mæti næst manni á topp 5.

UFC



Henry B. Gunnarsson
henry@frettabladid.is

**MMA** „Ég er mjög stoltur og spenntur fyrir helginni. Sunna á laugardag og Gunni á sunnudag. Þetta er risahelgi hjá okkur og sennilega sú stærsta sem við höfum tekið þátt í,“ segir Haraldur Dean Nelson, faðir Gunnars Nelson og framkvæmdastjóri Mjölnis, en hann var þá nýlentur í Glasgow í Skotlandi þar sem mikið stendur til.

Ekki bara er sonur hans að keppa í Glasgow heldur er fyrsta atvinnubardagakona landsins, Sunna „Tsunami“ Davíðsdóttir, að keppa í Kansas og það verður vel fylgst með henni í Glasgow þangað sem Haraldur er mættur ásamt syni sínum og öðrum úr föruneyti Mjölnis.

### Öflugur Argentínumaður

Andstæðingur Gunnars er öflugur Argentínumaður, Santiago Ponzinibbio, en hann er búinn að vinna fjóra bardaga í röð og ætlar sér að verða stjarna hjá UFC með því að vinna Gunnar. Ef Gunnar aftur á móti hefur betur þá hefur hann unnið sér inn réttinn til þess að berjast við þá bestu í veltivigt UFC.

„Það verður ekki hægt að hundsa Gunnar þá og mér finnst heldur ekki hægt að gera það núna. Þetta er öflugur „striker“ sem er löngu kominn með svart belti í brasilísku jiu jitsu. Mér finnst Gunni hafa verið að berjast niður fyrir sig en Ponzinibbio er samt talinn einn sá vanmetnasti í þyngdarflokknum. Gunni hefur sýnt að hann er óhræddur við að taka áhættubardaga. Ef þetta fer eins og við vonumst eftir þá vonandi maður á topp fimm næst,“ segir Haraldur ákveðinn.

Það að Gunnar sé aðalnúmerið á stóru bardagakvöldi í Glasgow segir samt mikið um sterka stöðu hans innan UFC. Það er mikið afrek að komast í slíka stöðu.

„Þeir sem eru ekki almennilega að sér í MMA fatta kannski ekki hversu stórt mál þetta er. Það er mikill heiður að vera í aðalbardaga kvöldsins hjá UFC. Þetta er risakvöld fyrir Gunnar og okkur sem stöndum að honum. Auðvitað er ég gríðarlega stoltur af honum,“ segir Haraldur og stoltið leynir sér ekki á andliti hans.



Haraldur Nelson er mættur til Glasgow. FRÉTTABLAÐIÐ/SÓLLILJA BALTASARSDÓTTIR

### Aðeins meira aukastress núna

Hvert einasta foreldri getur rétt ímyndað sér að það sé erfitt að horfa á eftir barninu sína inn í búrið hjá UFC í hörkubardaga. Haraldur hefur áður sagt frá því að hann sé venjulega mjög stressaður og það er ekkert að lagast.

„Ég er alltaf jafn stressaður og er ekkert að leyna því. Nú er aðeins meira aukastress þar sem Gunni er í aðalbardaganum. Það setur reyndar aukastress á alla og ekki síst á Gunna. Það er auðvitað samt líka pressa á Ponzinibbio þannig að það eru allir um borð í sama báti hérna,“ segir Haraldur en eðlilega er hann stressaðastur þar sem sonur hans er inni í búrinu.

„Það eykur aðeins hjartsláttinn hjá mér en ég þekki sportið vel. Geri mér grein fyrir hættunni sem fylgir rétt eins og hestamaður veit hvaða hættu hann er í er hann fer á bak. Spennan er líka kannski eitthvað sem maður sækir í.“



# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 13. JÚLÍ 2017



**Andlitsmaski sem hylur andlitið eins og gríma er helsta tískuæðið núna. Fræga fólkið hefur sýnt sig á Instagram með alls kyns maskagrímur fyrir andlitinu.**

tíska →4



MYND/ERNIR

# Laumast í fataskáp foreldranna

Ragnheiður María Benediktsdóttir, önnur tveggja hljómsveitarmeðlima RuGl, hefur gaman af því að spá í tísku liðinna ára. Síðustu tónleikar RuGl í bili verða í gróðurhúsi Norræna hússins á sunnudag. →2




ÚTSALA

*Enn meiri lækkun!*

50-70% afsláttur

comma,

SMÁRALIND




# Einhneppu- eða tvíhneppukragi

Michelle Obama sagði á dögunum að maðurinn hennar hefði verið í sama smókingnum alla sína forsetatíð. Við athugun kom í ljós að þeir voru tveir, hvor með sínu kragasniði.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@365.is


Barack og Michelle Obama en sá fyrrnefndi er þarna í einhneppuhyrnda smókingnum sínum.

Michelle Obama sagði eitt sinn að þegar hún var forsetafrú Bandríkjanna hefðu fjölmiðlar velt sér upp úr hverri örðu af klæðnaði hennar: efnum, sniði, hálsmáli, litum, fylgihlutum og skartgripum. Á meðan segir hún að maður hennar hefði komist upp með að eiga einn smóking sem hann klæddist við öll betri tilefni. Við nánari athugun reyndist þetta ekki vera alveg rétt hjá forsetafrúnni fyrrverandi þar sem Obama sást í tveimur smókingum sem þekktust í sundur af því hvernig kraganum var háttað.

Kragar eru mikilvægir á smóking og raunar öllum jakkafötum og jökkum. Á smóking eru þeir í þremur gerðum: sjalkragi sem er ekki með neinum hornum, kragi með einhneppuhorni sem kallast „notched“ á ensku og kragi með tvíhneppuhorni sem kallast „peaked“. Þess má geta að þessi lýsandi íslensku heiti koma frá Sævari Karli Ólafssyni klæðskerameistara. Tvíhneppukragarnir standa meira út í loftið og eru meira áberandi og oft með einu hnappagati á boðungnum. Þeir þykja einnig finni þar sem meira efni og saumaskapur fer í að búa þá til en hina kragana. Tvíhnepptu kragarnir voru algengastir lengi framan af enda hundrað ára hefð að baki þeim og það er eiginlega ekki hægt að búa til afslappaða stemmingu kringum tvíhneppta kragann, ólíkt þeim einhneppta sem er til dæmis hægt að nota með bindi ef ætlunin er að vera ekki alveg eins formlegur. Sjalkragarnir voru búnir til kringum 1970 í tilraun til að nútímavæða smókinginn og hinn eini sanni James Bond (Sean Connery) var alltaf í þessari kragagerð. Hvaða kragi er valinn fer eftir því hvaða ímynd hinn smókingklæddi vill varpa fram, einhneppti kraginn er öruggur við allar aðstæður á meðan sá tvíhneppti vekur meiri athygli og er hátíðlegri. Sjalkraginn þykir almennt klæða grannvaxna menn betur en þó er ekkert algilt í þeim efnum.


Hér má sjá dæmi um sjalkragasmóking (til vinstri) og smóking með tvíhneppuhyrndum kraga.

En víkjum þá aftur sögunni að Obama. Smókingar hans voru sinn af hvorri hornskörpu gerðinni, annar einhneppu og hinn tvíhneppu. Hann klæddist þeim sitt á hvað en virðist þó hafa valið þá eftir tilefnum. Þannig klæddist hann smókingnum með tvíhneppukraganum þegar erlendir þjóðhöfðingjar sóttu hann heim en einhneppukraginn varð fyrir valinu þegar þau hjónin fóru í opinberar heimsóknir. Obama komst upp með það í átta ár að eiga tvo smókinga og vera í þeim til skiptis á meðan Michelle klæddist tugum ef ekki hundruðum kjóla með tilheyrandi fylgihlutum, skartgripum, hárgreiðslum og umtali. Það má því kannski segja að konur þurfi bara að vera duglegri að vera í smóking.




Framhald af forsíðu

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is

Með Ragnheiði í RuGl er vinkona hennar Guðlaug Fríða Helgadóttir Folkmann, en báðar eru þær sextán ára gamlar. Hljómsveitin keppti í Músíktilraunum þar sem þær komust í úrslit og öðluðust talsverða athygli. Árið 2016 hituðu þær upp fyrir Risaeðluna í Gamla bíói og komu fram á Airwaves ásamt því að vera tilnefndar til Íslensku tónlistarverðlaunanna.

Ragnheiður segist spá töluvert í tísku. „Já, ég kemst nú ekki hjá því! Mér finnst líka mjög áhugavert og skemmtilegt að pæla í því sem hefur verið í tísku í gegnum árin, skoða mismunandi tímabil, bæði í fötum og tónlist,“ segir hún og lýsir eigin stíl sem þægilegum og stílhreinum.

Hún segist reyndar ekki eyða miklu í föt. „Ég er dugleg að nýta flíkur sem mér áskotnast en ef hin fullkomna flík er dýr þá myndi ég samt alveg kaupa hana,“ segir Ragnheiður sem kaupir flest sín föt notuð, til dæmis í Rauða krossinum og Spúútnikk. „Við vinkona mín erum líka mikið í því að skiptast á fötum og svo á ég það til að laumast í skápinn hjá foreldrum mínum,“ segir hún glettin.


Svartar víðar buxur ásamt belti eru í uppáhaldi hjá Ragnheiði Maríu. MYND/ERNIR

> Við stefnum á útgáfu EP-plötu og setjum bráðum í gang Karolina Fund söfnun - endilega fylgist með því á Facebook-síðunni okkar.

Er einhver flík í uppáhaldi? „Svartar, víðar buxur ásamt belti. Þær passa vel við öll tækifæri.“

Skartgripi notar Ragnheiður sjaldan en helstu fylgihlutirnir eru belti, flottar töskur og stórir treflar á köldum dögum.

Hvað með tískufyrirmyndir? „Ég fylgist mikið með fólki á samfélagsmiðlunum sem hefur áhrif á minn stíl en annars er Audrey Hepburn alltaf flottust.“

Á sunnudaginn heldur RuGl sína síðustu tónleika í bili. „Fríða er að flytja til Danmerkur eftir örfáar vikur og því fer að líða að okkar síðustu tónleikum í bili. Þeir verða haldnir á sunnudaginn klukkan 15 og eru hluti af Pikknikk tónleikaröð Norræna hússins. Tónleikarnir eru í gróðurhúsi Norræna hússins og aðgangur er ókeypis.“

Þær vinkonur hafa einnig verið að taka upp lögin sín undanfarið hjá Orra Jónssyni, Orra analog, í Gufunesradíói. „Við stefnum á útgáfu EP-plötu og setjum bráðum í gang Karolina Fund söfnun - endilega fylgist með því á Facebook-síðunni okkar,“ segir hún glaðlega.




STÓR-
ÚTSALA
MEIRI VERÐLÆKKUN!
40%
hjá Hafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is










# Andlitsmaskinn sem sló í gegn

Andlitsmaski sem hylur andlitið eins og gríma er eitt helsta tískuæðið núna. Fræga fólkið hefur einnig sýnt sig á Instagram með alls kyns maskagrímur fyrir andlitinu.

Elín Albertsdóttir
elin@365.is

Andlitsmaskinn sem kallast „sheet mask“ kemur upphaflega frá Suður-Kóreu. Kóreskar konur hugsa einstaklega vel um húðina og suðurkóreskar snyrtivörur hafa náð miklum vinsældum á bandarískum markaði. Svo þekktar eru kóreskar snyrtivörur orðnar að þær hafa fengið nafnið K-fegurð. Snyrtivörur eru orðnar helsta útflutningsgreinin í Suður-Kóreu.

Erna Hrund Hermannsdóttir, förðunarfræðingur og vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni, segir að helsta þróunin í snyrtivöruiðnaðinum komi yfirleitt frá Suður-Kóreu. „Kóreskar konur hafa alla tíð hugsað sérstaklega vel um húðina. Vísindin þar í landi hafa fylgt því eftir og eru mjög framarlega á þessu sviði. Maskagrímur eru þægileg leið til að venja konur við að nota maska. Það er hægt að kaupa einn skammt í einu en gríman er mikið orkubúst fyrir húðina. Grímurnar eru til í miklu úrvali, fyrir alls kyns húðgerðir og aldur. Þær eru rakagefandi og hafa mjög mýkjandi og góð áhrif. Maskinn er til núna frá fjölmörgum snyrtivörumerkjum þótt hann hafi upphaflega verið eingöngu í vörum frá Suður-Kóreu. Menn eru fljótir að tileinka sér góða hluti,“ segir Erna.

Hún segir ekki þörf á að hafa grímuna lengi á sér. „Það fer svolítið eftir hvaða maski þetta er en yfirleitt þarf gríman að vera á andlitinu í 10-15 mínútur. Síðan er hægt að nota afganginn í henni til að nudda aðra hluta líkamans. Gríman er þunn eins og bréfþurrka og einföld í notkun. Það eru til rakamaskar, næringarmaskar, collagen-maskar, hreinsimaskar og allt mögulegt fleira. Það er meira að segja til gullmaski en þá er gull sett í formúlana sem gefur frískt yfirbragð. Gullið á að vera gott fyrir eldri húð.“

Erna segir að það sé ekkert mál að setja maskann á sig heima. „Það eru margar tegundir til hér á landi og um að gera að prófa. Þessir maskar hafa verið vinsælir í nokkurn tíma og það hefur aukist frekar en hitt. Snyrtivörusýningar eru tvisvar á ári í Seúl í Suður-Kóreu og þangað flykkjast framleiðendur um allan heim til að skoða hvað er nýtt. Það nýjasta er leir fyrir húð og hár sem er að verða mjög vinsæll. Það er mikil þróun í andlitsmöskum.“

## Með grímu í flugvél

Erna segir að andlitsgríman sé vinsæl hjá flugfreyjum og fólki sem fljúgi mikið en þeir sem hafa verið á ferðinni hafa hugsanlega séð fólk með hvíta grímu í flugi. „Það er mælt með þessum maska fyrir flugfólk vegna þess hversu þurrt loftið er í vélunum. Ég er mjög ánægð með hversu vinsælir þessir maskar hafa verið. Íslenskar konur hugsa greinilega vel um húðina. Heilbrigð húð skiptir máli,“ segir Erna.

Í stað þess að kaupa alls kyns krem og skrúbba er hægt að fá maskagrímuna með flestum lausnum. Þær eru til frá mörgum merkjum og á mismunandi verði.

New York Magazine hefur fjallað um andlitsmaskann og skrifar að fegurðarvörur auk rafeindatækja og bíla séu orðnar helstu útflutningsvörur í Suður-Kóreu. Landið er ekki ríkt af auðlindum en er stöðugt að finna nýjar leiðir og vörur til útflutnings.


Andlitsmaskinn er eins og þunnur pappír sem leggst á andlitið.


Erna Hrund förðunarfræðingur segir að andlitsgríman sé mjög góð fyrir húðina. MYND/ANTON BRINK


Leikkonan Kate Hudson og Stella McCartney tískuhönnuður sýndu mynd á Instagram þar sem þær eru með gullmaska. Hann á að vera sérlega góður fyrir húðina.

> Kóreskar konur hafa alla tíð hugsað sérstaklega vel um húðina. Vísindin þar í landi hafa fylgt því eftir og eru mjög framarlega á þessu sviði.
>
> Erna Hrund Hermannsdóttir


SHIMANO
TRI
TRI VERSLUN er umboðsaðili CUBE á Íslandi
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
*Vegna hagstæðari samninga og styrkingar krónunnar höfum við lækkað verðin á CUBE reiðhjólunum!
CUBE 200
CUBE 240
CUBE 240
Tacx
ParkTool
Xenofit
www.xenofit.de
STAGES
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
RolfPRIMA
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 til 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 16:00

SUMARLEIÐIN

11GB

FYRIR AÐEINS

2.590 KR.

Á mánuði

Fullt af gagnamagni
fyrir aðeins minna.

SKRÁÐU ÞIG Á 365.IS

365

## Málarar

**Þakmálun**

Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinnubrögð. Fáðu tilboð. Uppl. í s. 847 1628 & litaverk@gmail.com Litaverk ehf

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

## Til sölu

**VERSLUNARTÆKNI**

**Stubbahús**



www.verslun.is Pöntunarsími: 5351300

**STIGA**



**Stiga Estate 3084 H**

Sjálfskiptur sláttutraktór
B&S 3130 AVS mótor
Notendavænt sæti og stýri
240 lítra graskassi
Frábær traktór í meðalstór svæði

VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

jonogoskar.is s.552-4910

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

**ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ/HÆÐ**

Óska eftir 3ja-4ja herbergja íbúð/hæð, helst í Kóp, Garðab eða Hafnaf., allt kemur til greina. Aðeins langtímaleiga. Reglusemi, skilvísar greiðslur og meðmæli ef óskað er.

Uppl. í síma 863 4291

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

KG HÖNNUN

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**

Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna í boði

**MÓTTAKA / HOTEL RECEPTIONIST**

41 - A Townhouse Hotel leitar af starfsmanni í móttökustarf með frábæra þjónustulund í krefjandi og skemmtilegt starf. Ensku kunnátta skilyrði. Ef þú heldur að þetta sé eitthvað fyrir þig sendu okkur þá ferilskrá á jobs@41hotel.is

41 - A Townhouse Hotel is looking for a receptionist/ greeter to join our team. It must be confident and professional, have strong customer service skills and be able to work as a team player. Fluent english required. If this sounds interesting to you please send your cv to jobs@41hotel.is

Óskum eftir smiðum til vinnu. Fjölbreytt störf í boði. Uppl. í s. 661 9083

Starfskrafur óskast í ferðaþjónustu við afgreiðslustörf. Uppl. S. 893 4515

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**



talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í vinnu.

**HANDAFL EHF**
**STARFSMANNAÞJÓNUSTA**
**S. 777 2 333**

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

**Fyrirhuguð breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.**

**Gufunes. Breytt landnotkun atvinnusvæðis. Þróun blandaðrar byggðar**

Þann 6. júlí 2017 samþykkti Borgarráð Reykjavíkur verkefnislýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, er landnotkun á atvinnusvæðinu í Gufunesi. Til skoðunar er að endurskilgreina hluta svæðisins sem blandaða byggð.

Með vísan til 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er verkefnislýsingin lögð fram til kynningar og umsagnar (sjá reykjavik.is og adalskipulag.is). Óskað er eftir því að athugasemdum við verkefnislýsinguna verði komið á framfæri á netfangið skipulag@reykjavik.is fyrir 10. ágúst 2017. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur**

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

GRAFARVOGS HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

Gylfaflöt 3 Grafarvogi Sími 567 4468 dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR



**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

EYJALIND

**Gúmmíbelti**
- Fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**viftur.is**

Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir



**íshúsið**

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Parketslípun**

sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is

99% RYKFRÍTT

Gólflist Parketlagnir og viðhald



# Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# Opið hús að Holtsvegi 8-12 fimmtudaginn 13. júlí kl. 17.00-17.30

**Glæsilegar 3ja til 4ra herbergja íbúðir**
**á einstökum stað í Urriðaholti**



## UPPHAF FASTEIGNAFÉLAG

Upphaf fasteignafélag slhf. er alhliða fjárfestir á íbúðamarkaði sem tekur þátt í verkefnum á öllum stigum byggingarferilsins. Markmið félagsins er að byggja næstu árin allt að 200 til 250 hagkvæmar íbúðir á ári, sem eru ætlaðar litlum og meðalstórum fjölskyldum. Íbúðirnar eru ýmist ætlaðar til útleigu eða sölu. Verkefnin eru unnin fyrir félagið af fjölmörgum byggingarverktökum. Félagið vinnur einnig að þróunarverkefnum lóða og svæða, endurbótum og breytingum á eldra húsnæði.

Upphaf er með um 900 íbúðir í þróun, byggingu, sölu eða leigu á höfuðborgarsvæðinu öllu. Heimasíða félagsins er www.upphaf.is og síminn er 519 3300.

Upphaf FASTEIGNAFÉLAG

Framtíðin

## INNANHÚSSHÖNNUN



Helga Sigurbjarnadóttir innanhússarkitekt FHI
og Berglind Berndsen innanhússarkitekt FHI

Grunnhugmynd hönnunarinnar á Holtsvegi er einfaldleiki og tímaleysi. Áhersla er lögð á gott samband á milli alls skipulags og innra fyrirkomulags, efnisáferða og lita í íbúðunum sem skipti miklu máli í allri upplifuninni og stemmningunni. Lagt er upp úr að skapa aðlaðandi og hlýlega stemmningu með fallegum jarðlitum og efnum sem endast vel og er því dökkur viður allsráðandi í innréttingum ásamt ljósum steini sem gerir íbúðirnar einstaklega notalegar og hlýlegar.

## 90% FJÁRMÖGNUN

Húsnæðislán Framtíðarinnar eru verðtryggð viðbótarlán sem henta vel sem viðbót við lán frá lífeyrissjóði eða banka og því er um 90% fjármögnun að ræða. Lánin má greiða með jöfnum greiðslum eða jöfnum afborgunum og eru með allt að 25 ára endurgreiðslutímabili. Á vefsíðunni www.holtsvegur.is er hægt að nálgast sérstaka reiknivél fyrir Húsnæðislán Framtíðarinnar ásamt nánari upplýsingum.




VHE ehf. ARKÍS

## ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA

**Gunnar Sverrir Harðarson**
Nemi í löggildingu
Sími 862 2001
gunnar@remax.is

**Ástþór Reynir Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter



markhönnun ehf

nettó

# Gleðilega grillhelgi

## - grillveislan byrjar í Nettó!



-20%

**GRÍSALUNDIR**
NEW YORK
**1.998 KR/KG**
ÁÐUR: 2.498

KJARNAFÆÐI



-30%

**GRILL GRÍSABÓGSNEIÐAR**
FERSKT
**699 KR/KG**
ÁÐUR: 998

KJÖTSEL



-23%

**LAMBABÓGUR KRYDDAÐUR**
FERSKT
**996 KR/KG**
ÁÐUR: 1.294 KR/KG

GOÐI



-40%

**GRÍSAHNAKKI**
KRYDDAÐUR
**1.379 KR/KG**
ÁÐUR: 2.298 KR/KG

**Tilboðin gilda 13. - 16. júlí 2017**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



-30%

Agúrkur íslenskar stk.
Paprika bl. litir pökkuð
Jarðarber íslensk box 200 gr.
Tómatar íslenskir pakkaðir



COOP LAXABITAR 2 PK
M/ SÍTRÓNUPIPAR 250 G.
539 KR PK
ÁÐUR: ~~898 KR/PK~~

-40%

COOP LAXABITAR 2 PK
250 G.
599 KR PK
ÁÐUR: ~~998 KR/PK~~

Allt gott á grillið og sósurnar með!



## Merkisatburðir



**1837** Viktoría Bretadrottning flytur inn í Buckinghamhöll, fyrst enskra þjóðhöfðingja.

**1864** Fjórtán manns drukkna í lendingu við Péturseyjarmel í Mýrdal. Á skipinu eru 27 manns frá Vestmannaeyjum.

**1878** Serbía fær sjálfstæði frá Tyrkjaveldi með Berlínarsáttmálanum.

**1959** Eyjólfur Jónsson syndir frá Vestmannaeyjum til lands á fimm og hálfri klukkustund en leiðin er um tíu og hálfur kílómetri.

**1973** Nýja eldfjallið sem varð til í Heimaeyjargosinu er hófst 23. janúar 1973 hlýtur nafnið Eldfell, að tillögu örnefnanefndar.

**1985** LiveAid tónleikar fara fram á nokkrum stöðum í heiminum. Þeir eiga að vera mikilvægur liður í að styrkja stöðu bágstaddra í Afríku.

# Það er búið að redda tjaldi

**Sóley Elíasdóttir leikkona fagnar fimmtugsafmæli sínu í dag með garðpartíi. Tvær utanlandsferðir eru tileinkaðar afmælinu en um þetta leyti árs tínir hún íslensk grös.**

Það er stórafmæli en ég ætla bara að vera með pulsupartí í garðinum. Það er búið að redda tjaldi. Mér sýnist samt á spánni að það verði ágætis veður, að minnsta kosti þurrt,“ segir Sóley Elíasdóttir, leikkona og húðsnyrtivöruframleiðandi, um fimmtugsafmælið í dag. Hún kveðst búin að fara í eina afmælisferð með æskuvinkonum. „Hluti af hópnum varð fimmtugur í fyrra, við fórum til Ítalíu í vor og tókum mennina okkar með. Svo ætlum við fjölskyldan að fara á skíði um áramótin til Frakklands, átta eða níu saman. Erum fyrir löngu byrjuð að safna fyrir þeirri ferð. Ég hlakka rosalega til.“

Sóley kveðst ekki hafa ætlað að vera með neitt boð í dag. „Bæði var ég svo brennd af því að reyna sem barn að halda upp á afmæli á þessum tíma þegar allir voru úti um allt og svo líka úti af þessum ferðum. En mér snerist hugur og ég ákvað að rigga upp einföldu partíi sem yrði ekki of kostnaðarsamt.“

**Svo ætlum við fjölskyldan að fara á skíði um áramótin til Frakklands, átta eða níu saman. Erum fyrir löngu byrjuð að safna fyrir þeirri ferð. Ég hlakka rosalega til.**

Sumarið er tíminn sem Sóley safnar íslenskum jurtum í framleiðslu sína á húðvörum. „Ég tíni frá júní og út ágúst, já, reyndar lengra fram á haust, eftir því hverju ég er að sækjast eftir. „Við notum birkið mikið, laufin eru virk um miðsumarið en ef maður vill ná eiginleikum úr berkinum, þá er það betra á haustin. Laufin eru græðandi en börkurinn eykur teygjanleika húðarinnar. Sortulyngið tíni ég líka á haustin, í því eru efni sem gefa húðinni ljóma.“ Þetta er greinilega mikil stúdía en Sóley kveðst samt enginn sérfræðingur vera. „Ég hef einkum leitað í fróðleik frá forfeðrum og -mæðrum sem kunnu að nota grös á góðan hátt.“

gun@frettabladid.is



**„Ég hef bara leitað í fróðleik frá forfeðrum og -mæðrum sem kunnu að nota grös á góðan hátt,“ segir Sóley um jurtanotkun sína.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---



✝

Okkar ástkæri stjúpfaðir,

**Margeir Benedikt Steinþórsson**

flutningabílstjóri,
frá Hólmavík,
(síðar Hólagötu 25, Njarðvík)

lést á Hlévangi Reykjanesbæ 10. júlí.
Útför hans fer fram í kyrrþey.

**Magnús Steingrímsson**
**Bjarni Steingrímsson**
**Kristín Steingrímsdóttir**
**Loftur Hilmar Steingrímsson**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Brynhildur Olgeirsdóttir**

Hátúni 17, Reykjavík,

andaðist sunnudaginn 9. júlí á hjúkrunarheimilinu Hömrum, 96 ára að aldri. Hún verður jarðsungin frá Háteigskirkju, miðvikudaginn 19. júlí klukkan 11.

**Ástríður Hauksdóttir** — **Georg Tryggvason**
**Trausti Hauksson** — **Alda Björk Marinósdóttir**
**Kjartan Hauksson** — **Ásgerður Jónsdóttir**
**Ísak Sverrir Hauksson** — **Guðrún Bryndís Karlsdóttir**
**Olga Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Okkar ástkæra

**Guðrún Kristjánsdóttir**

dvalarheimilinu Lögmannshlíð,

lést miðvikudaginn 5. júlí.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju
föstudaginn 14. júlí kl. 13.30.

**Angantýr Einarsson** — **Auður Ásgrímsdóttir**
**Bergþóra Einarsdóttir** — **Eyjólfur Friðgeirsson**
**barnabörn og fjölskyldur.**

---



✝

Elsku mamma okkar, tengdamamma,
amma og langamma,

**Sigríður Ingibjörg Ólafsdóttir**

lést þann 5. júlí sl. á líknardeild Landspítalans. Útförin fer fram þann 18. júlí kl. 11.00 í Bústaðakirkju. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeild Landspítalans.

**Ólafur J. Kolbeinsson** — **Ósk Laufdal**
**Sjöfn S. Kolbeinsdóttir** — **Sigurður Jensson**
**Guðborg H. Kolbeinsdóttir** — **Tómas Sveinbjörnsson**
**Júlíus Kolbeinsson**
**tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma, systir og mágkona,

**Jóna Haraldsdóttir**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Mörk mánudaginn 3. júlí, verður jarðsungin frá Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 19. júlí kl. 13.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Markar, hjúkrunarheimilis.

**Margrét Gunnlaugsdóttir** — **Sigurhans Vignir**
**Halldór Gunnlaugsson** — **Hildur Sveinsdóttir**
**Erla Haraldsdóttir** — **Sigurður Einarsson**
**Jóna Rut, Tómas, María, Óttar, Rúrik og Grímur**

---



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Þórhallsson**

bókbindari,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 8. júlí.
Útför hans fer fram frá Garðakirkju
föstudaginn 21. júlí kl. 13.

**Magnea Guðmundsdóttir** — **Kjartan Ólafsson**
**Guðjón Guðmundsson** — **Elísabet Sigurðardóttir**
**Rannveig S. Guðmundsdóttir** — **Þorgrímur Guðmundsson**
**Þórhallur Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar elskuðu

**Drífu Vermundsdóttur**

**Elías Björn Angantýsson**
**Sara Elíasdóttir** — **Valgeir Bergmann Magnússon**
**Sigrún Edda Elíasdóttir** — **Baldur Snorrason**
**Margrét Elíasdóttir** — **Helgi Már Björnsson**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.


FETAÐU NÝJAR SLÓÐIR
Í ÚTILÍF FÆRÐ ÞÚ FJÖLBREYTTA GÆÐASKÓ FRÁ ÞEKKTUM MERKJUM
Meindl Island
Margverðlaunaðir gæðaskór. Vandaðir og traustir í lengri, krefjandi göngur.
Karla/kvenna
49.990 kr.
Meindl Kansas
Góðir alhliða gönguskór. Vaxað Nubuk leður og GTX vatnsvörn.
Karla/kvenna
34.990 kr.
Meindl Ohio
Sérstaklega léttir og þægilegir. Frábærir í léttari göngur, líka erlendis.
Karla/kvenna
32.990 kr.
Scarpa Kinesis Pro
Hálfstífir herra gönguskór, öflugir fyrir fjallaferðir. Vaxað Nubuk leður og GTX vatnsvörn.
54.990 kr.
Scarpa Mythos Pro
Hálfstífir dömu gönguskór fyrir alvöru fjallaferðir. Nubuk leður, GTX vatnsvörn og Vibram sóli.
54.990 kr.
TNF Hedgehog Hike
Vinsælir, léttir og þægilegir. Fáanlegir í Mid hæð og lágir. GTX vatnsvörn.
Karla/kvenna
15.990 kr.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Hæg vestlæg eða breytileg átt og víða skúrir í dag, talsverðar skúradembur á Norðausturlandi síðdegis. Milt veður.




### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 11° | 16° |
| ↖ 10 | ↖ 6 | ↑ 4 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 13° | 10° | 7° |
| ↖ 4 | ↖ 4 | ↑ 11 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 8° | 10° |
| ↑ 7 | → 5 | → 3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 10° | 12° | 8° |
| ↘ 1 | ↗ 7 | ↗ 6 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 3 | 9 | 2 | | | |
| 8 | | | | | | | 7 | |
| 1 | 2 | | | | | 4 | 6 | |
| | | 1 | | 8 | 3 | 7 | 9 | |
| 2 | | | 9 | 4 | | | 8 | |
| | | 7 | 6 | 1 | | | | |
| | 6 | | 4 | | | | | 7 |
| | | | | 3 | 9 | 8 | | |
| 7 | 9 | 2 | | | | 1 | 4 | 3 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | | 7 | | 2 | |
| | 9 | 1 | | 5 | | 4 | | |
| 2 | 3 | 4 | | | 9 | 5 | | |
| | | | | | 5 | | 4 | 9 |
| 4 | 2 | | | | 6 | 7 | | 1 |
| 6 | | | | | | | | |
| | 4 | 7 | 1 | | | 3 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | 6 | 8 | | 9 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 1 | | | | |
| | | | | | | | 7 | 8 |
| | | 1 | | | | 3 | | |
| 6 | | 8 | 5 | | | | 9 | |
| 9 | | | 2 | 7 | | | 4 | |
| | 5 | | 9 | | | | | |
| | | 6 | | | | 7 | | 2 |
| | | | 3 | | | | 6 | |
| | | | | 2 | 9 | | 1 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. dangl
6. klukka
8. spor
9. gagn
11. gelt
12. snjóhrúga
14. högg
16. mun
17. hlaup
18. skurðbrún
20. bókstafur
21. pottréttur

**LÓÐRÉTT**
1. áfengisblanda
3. frá
4. dúkknál
5. knæpa
7. heimilistæki
10. ósigur
13. námsgrein
15. klúryrði
16. kirna
19. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT:** **2.** bank, **6.** úr, **8.** far, **9.** nyt, **11.** gá, **12.** skafl, **14.** spark, **16.** ku, **17.** gel, **18.** egg, **20.** ká, **21.** ragú.
**LÓÐRÉTT:** **1.** púns, **3.** af, **4.** naglrek, **5.** krá, **7.** ryksuga, **10.** tap, **13.** fag, **15.** klám, **16.** ker, **19.** gg.

## Skák Gunnar Björnsson

Lembeski átti leik gegn Fedorov í Sovétríkjunum sálugu árið 1976.

**Hvítur á leik**

**1. Dxg7+! Kxg7 2. Bf6+ Kh6 3. Bg7+ Kh5 4. Be2+ Kh4 5. Hg4+ Kh5 6. Hg5+ 1-0.**

**www.skak.is:** Alltaf nýjar skákfréttir.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 7 | 3 | 6 | 8 | 5 | 4 | 9 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 2 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 1 | 9 | 8 | 6 |
| 9 | 7 | 1 | 6 | 8 | 5 | 4 | 3 | 2 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 5 | 4 | 6 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 | 2 | 7 | 6 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 5 | 3 | 2 | 8 | 1 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 7 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 7 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








VIÐ ERUM 5 ÁRA
FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ Í JÚLÍ
MARS / SNICKERS
9 STK. Í PAKKA
249 KR. PK.
BEN & JERRY´S
ALLAR TEG.
499 KR. PK.
500ml
POWERADE
ALLAR TEG.
149 KR. PK.
OREO / DAIM ÍS
3. STK. Í PAKKA
199 KR. PK.
FJALLALAMB
FROSIÐ LAMBALÆRI
999 KR.KG
ICELAND PIZZUR
DEEP PAN OG THIN & CRISPY
199 KR. STK.
GATORADE
ALLAR TEG.
149 KR. STK.
MARS/SNICKERS ÍS
4. STK. Í PAKKA
349 KR. PK.
MONSTER
ALLAR TEG.
199 KR. STK.
ICELAND
MEAL FOR ONE
ALLAR TEG.
299 KR.PK
50%
AFSLÁTTUR Á NAMMIBAR
ALLAN JÚLÍ
OPIÐ 24 TÍMA
Netgíró
Betri leið til að borga
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI,
ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ.
Iceland
*Tilboðin gilda í öllum verslunum Iceland















Fólk á leið í Bræðsluna á Rúllandi snjóbolta. Listaverk Sigurðar, Eggin, eru á stöplum í röð á hafnarbakkanum.

# Þetta er svakalega flott lið

## Alþjóðlega myndlistarsýningin Rúllandi snjóbolti/9 verður opnuð á laugardaginn, 15. júlí, í Bræðslunni á Djúpavogi.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Listamenn frá Kína, Evrópu, Ameríku og Íslandi eiga verk á sýningunni Rúllandi snjóbolti/9 sem verður opnuð á Djúpavogi á laugardaginn klukkan 15. „Þetta eru allt vinir mínir úr listheimum. Þeir segja alltaf já við mig,“ segir Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður sem er sýningarstjóri ásamt Þór Vigfússyni.

„Við eigum, mörg hver, langa fortíð saman, höfum sýnt í sömu galleríum og jafnvel á sömu sýningum. Til dæmis hefur Marlene Dumas, ein þekktasta listakona heims, verið góð vinkona mín alveg frá því hún fór að sýna sín fyrstu verk. Hún er frá Suður-Afríku en býr í Amsterdam í Hollandi og á nokkrum öðrum stöðum í heiminum.“

Sigurður er í bíl þegar viðtalið fer fram. „Ég er með aðstoðarkonu sem keyrir mig, var of timbraður til að keyra sjálfur. Við skruppum frá Djúpavogi upp á Egilsstaði til að ná í gler og erum á bakaleið, meðfram Lagarfljótinu. Ætlum Öxi til baka.“

Sýningin sem er í Bræðslunni er skipulögð af Chinese European Art Center (CEAC) í samstarfi við Djúpavogshrepp. „Við erum með alla verksmiðjuna, stórt pláss, fleiri hundruð fermetra,“ lýsir Sigurður og segir listamennina vera að tínast að. „Þetta er svakalega flott lið, það vantar ekki, það komust samt ekki allir enda illmögulegt að fá gistipláss úti á landi á þessum árstíma,“ segir hann og tekur fram að Haraldur Jónsson muni standa fyrir gjörningi á opnuninni.

Þetta níunda sýningin sem CEAC stendur fyrir undir heitinu Rúllandi snjóbolti en hún er sú fjórða á Djúpavogi á jafn mörgum árum. „Konan mín, hún Ineke Guðmundsson, startaði kínversk-evrópsku menningarmiðstöðinni í Kína fyrir 20 árum til að stuðla að menningarlegum samskiptum milli Kína og Vesturlanda og þessi samvinna milli Djúpavogs og CEAK er komin til að vera. Þetta er mjög flott verkefni og við viljum halda því áfram,“ segir Sigurður sem kominn er fram á fjallsbrúnir í Berufirði þegar við slítum samtalinu.

Sýningin stendur til 20. ágúst.



„Þetta eru allt vinir mínir úr listheimum. Þeir segja alltaf já við mig,“ segir Sigurður Guðmundsson um listamannahópinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Listamenn sem taka þátt í ár

Árni Ingólfsson, Árni Páll Jóhannsson, Arnout Mik, Dagrún Aðalsteinsdóttir, Egill Sæbjörnsson, Gjörningaklúbburinn, Guðlaug Mía Eyþórsdóttir, Guido van der Werve, Haraldur Jónsson, Helgi Þórsson, Hrafnkell Sigurðsson, Hreinn Friðfinnsson, Kan Xiuan, Kristján Guðmundsson, Magnús Logi Kristinsson, Margrét Blöndal, Marlene Dumas, Meiya Lin, Mercedes Azpilicueta, Ólafur Elíasson, Pauline Curnier-Jardin, Ragnar Kjartansson, Sara Björnsdóttir, Sigurður Guðjónsson, Sigurður Guðmundsson, Sirra Sigrún Sigurðardóttir, Stevens Vaughn, Tumi Magnússon, Þór Vigfússon, Wei Na/ Yang Jian.

VIÐ EIGUM, MÖRG HVER, LANGA FORTÍÐ SAMAN, HÖFUM SÝNT Í SÖMU GALLERÍUM OG JAFNVEL Á SÖMU SÝNINGUM.

markhönnun ehf

netto

# Nýtt í Nettó!













Það er ágætt að leiðsegja en skemmtilegra að semja, segir tónskáldið Atli. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Litlar kaldhæðnar melódíur

## Caput tríó frumflytur á Íslandi tvö lög eftir Atla Ingólfsson tónskáld í kvöld, á Arctic Concerts tónleikaröðinni í Iðnó.

„Það sem verður spilað eftir mig í kvöld eru lag og eftirmáli úr leikriti sem verður frumsýnt hér á landi í október í haust undir heitinu Annarleikur,“ segir Atli Ingólfsson tónskáld um framlag sitt til tónleika Caput tríós í Iðnó í kvöld sem hefjast klukkan 20.30. Hann segir lögin litlar kaldhæðnar melódíur og mjög leikhúslegar. „Ég vona að fólk hafi gaman af að heyra þær, sjálfur verð ég ekki viðstaddur því ég er fyrir norðan.“ Í ljós kemur að hann er leiðsögumaður ítalsks ferðahóps og staddur við Mývatn þegar hann svarar símanum. „Ég tek tvo hringi um landið á sumri. Það er ágætt, samt er skemmtilegra að semja,“ viðurkennir hann. Segir þó tímann til tónsmíða hafa minnkað eftir að hann gerðist prófessor við Listaháskólann.

Lögin tvö sem Atli nefndi í upphafi eru úr leiksýningu sem frumflutt var úti í Svíþjóð 2012. Hann kveðst hafa samið þrjú tónleikhúsverk sem sett hafi verið upp í Svíþjóð, Annarleikur verði það fyrsta hér á landi. „En ég er nýbúinn að útsetja lögin fyrir þá hljóðfæraskipan sem félagarnir eru með,“ segir hann og á þar við Daníel Þorsteinsson píanóleikara, Sigurð Halldórsson sellóleikara og Guðna Franzson klarínettuleikara sem koma fram í Iðnó í kvöld og lofa að leika áheyrilega og sumarlega efnisskrá. Þessi sama þrenning hélt tónleika í Katuaq, listamiðstöðinni í Nuuk á Grænlandi, í nóvember síðastliðnum. Aðgangseyrir er 2.500 krónur. **gun@frettabladid.is**

# Söngkonan geiflaði sig og gretti

**TÓNLIST**

**Söngtónleikar**

★★★★☆

Tónlist eftir Jórunni Viðar, Leonard Bernstein, Claudio Monteverdi, Leo Delibes og fleiri. Flytjendur: Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Dísella Lárusdóttir. Guja Sandholt, Francisco Javier Jáuregui, Hrönn Þráinsdóttir og börn undir stjórn Þórdísar H. Kristjánsdóttur og Hildar G. Þórhallsdóttur.

**Hafnarborg**
Sunnudaginn 9. júlí

Ein fyndnasta aría óperubókmenntanna er Glitter and be Gay eftir Leonard Bernstein. Þar er gert grín að nokkrum þekktum aríum, sérstaklega þeirri sem kennd er við næturdrottninguna úr Töfraflautunni eftir Mozart. Arían er gríðarlega erfið og flokkast undir svokallaðan koloratúr, sem einkennist af hröðum tónahlaupum, trillum og stökkum upp eða niður tónstigann. Á lokatónleikum Sönghátíðar í Hafnarborg á sunnudaginn söng Dísella Lárusdóttir m.a. þessa aríu og gerði það prýðilega. Einn og einn tónn hefði að vísu mátt vera nákvæmari, en í heild var arían kröftug og glæsileg, þétt og hnitmiðuð. Tónlistin krefst ýktra leikrænna tilburða, og Dísella náði þeim með afburðum vel, geiflaði sig og gretti, sem skilaði sér í mikilli kátínu tónleikagesta.



Guðrún Jóhanna var listrænn stjórnandi tónleikanna og kom líka fram í nokkrum atriðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Önnur söngkona, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran, var listrænn stjórnandi hátíðarinnar. Þetta var í fyrsta sinn sem hátíðin var haldin. Áður hefur Guðrún Jóhanna stjórnað Kammerhátíðinni á Kirkjubæjarklaustri og gert það af röggsemi og fagmennsku. Hátíðin nú samanstóð af tónleikum þekktra söngvara, en einnig fóru fram söngnámskeið fyrir leikmenn og líka fyrir börn. Námskeiðin fyrir börnin voru haldin af Þórdísi Heiðu Kristjánsdóttur og Hildi Guðnýju Guðmundsdóttur og var afraksturinn sýndur á tónleikunum.

Börnin sungu Óðinn til gleðinnar úr níundu sinfóníu Beethovens auk annarra laga. Þau munu upphaflega hafa haldið að Óðurinn væri þjóðsöngur Íslendinga. Sá misskilningur varð vegna þess að alþekkt stefið var leikið aftur og aftur í tengslum við EM í sjónvarpinu í fyrra. Söngur barnanna var bjartur og fallegur, þrunginn lífi og einlægni.

Guðrún Jóhanna kom fram í nokkrum atriðum á tónleikunum. Hún söng fyrst nokkur íslensk þjóðlög, og gerði það af viðeigandi tilfinningu. Önnur íslensk lög fylgdu í kjölfarið, en útlensk tónlist eftir hlé var enn öflugri í meðförum hennar, bæði Pur ti miro úr Krýningu Poppeu eftir Monteverdi og Blómadúettinn frægi úr Lakmé eftir Delibes. Þar naut falleg röddin sín til fulls.

Dísella söng með Guðrúnu Jóhönnu síðarnefnda dúettinn en Guja Sandholt þann fyrri. Guja söng líka af aðdáunarverðum krafti og tæknilegu öryggi nokkur lög eftir Jórunni Viðar. Síðasta lagið, Vökuró, sem Björk Guðmundsdóttir gerði heimsfrægt, var einkar hrífandi í meðförum Guju. Það var innilegt, brothætt og angurvært; yfir því var draumkennd, nostalgísk stemning sem var afar sannfærandi.

Hrönn Þráinsdóttir lék skýrt og af yfirvegun á píanóið. Eiginmaður Guðrúnar Jóhönnu, Francisco Javier Jáuregui, spilaði líka ágætlega á gítar, m.a. í íslensku þjóðlögunum. Þau voru einmitt útsett af honum af miklu næmi og smekkvísi. Þetta var skemmtileg stund.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Glæsilegir tónleikar með mögnuðum söng og flottri tónlist.



UFC FIGHT NIGHT
NELSON VS PONZINIBBIO
WELTERWEIGHT BOUT
16. JÚLÍ
SPORT
INVICTA
FIGHTING CHAMPIONSHIPS
SUNNA TSUNAMI VS KELLY D'ANGELO
15. JÚLÍ
Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði
Keiluhöllin EGILSHÖLL
ELLINGSEN
SAMSUNG
BOLI
SPORT BESTA SÆTIÐ
SÍMI 1817
365.IS
365
*miðað við 12 mánaða bindingu




Leikarahópurinn stendur sig vel í War for the Planet of the Apes. NORDICPHOTOS/AFP

# Stórkostlegur endir á flottum þríleik

**KVIKMYNDIR**

**War for the Planet of the Apes**

★★★★★

**Leikstjóri:** Matt Reeves
**Handrit:** Mark Bomback, Matt Reeves
**Kvikmyndataka:** Michael Seresin
Tónlist: Michael Giacchino
**Aðalhlutverk:** Andy Serkis, Woody Harrelson, Amiah Miller

Tæp fimmtíu ár eru liðin frá því að upprunalega Apaplánetu-myndin með Charlton Heston leit dagsins ljós. Það sem byrjaði í fyrstu sem sjálfstæð aðlögun á skáldsögu höfundarins Pierre Boulle varð fljótt að vinsælum myndaflokki, sem hefur þróast merkilega síðan þá, rétt eins og tæknin og aðferðirnar sem hafa farið í það að gæða apana lífi.

Upp úr aldamótunum reyndi leikstjórinn Tim Burton að koma seríunni í gang á ný, með miklu skrauti en slöppum árangri. Áratug seinna var svo gerð önnur tilraun til endurræsingar. Þá kom forsagan Rise of the Planet of the Apes þar sem stillt var upp breiðari sögu um hápróaða simpansann Caesar og hið óumflýjanlega stríð á milli manna og ofurapa, sem hann hefur reynt sitt besta til að koma í veg fyrir.

Fyrsta myndin fjallaði um uppvaxtarár Caesars og hvernig hann öðlaðist greind og sjálfstæði. Í Dawn of the Planet of the Apes er mannfólkið komið í útrýmingarhættu vegna veirusýkingar og gerist Caesar formlegur leiðtogi á meðan togstreita myndast úr öllum áttum. Sú þriðja segir frá þróun hans til þess að verða goðsögn á meðan hann tekst á við erfiðari djöfla en áður.

Nýju Apaplánetumyndirnar nálgast árekstur ólíku hópanna á athyglisverðan máta og í þokkabót eru þær skýrt dæmi um það hvernig skal gera framhalds- eða forsögur. Hver tilheyrandi eining er hæfilega sjálfstæð en hver kafli dýpkar persónusköpunina og bætir náttúrulega ofan á forvera sinn án þess að apa beint eftir honum.

Útkoman hér er hiklaust átakanlegasta, metnaðarfyllsta og útlitslega séð langflottasta eintakið í trílógíunni. War for the Planet of the Apes er vægast sagt tilkomumikil og góð áminning um það að rándýrar brellumyndir geta oft verið listrænar og gerðar fyrir hugsandi fólk. Eins og titillinn gefur til kynna er atburðarásin allt annað en hressileg og myndin er langt frá því að vera hefðbundin sumarafþreying.

Í staðinn kemur hæg, grimm og bítandi „and-stríðsmynd“ þar sem merkilega lítið af hasar er í boði. Til viðbótar eru orustusenur aldrei stílfærðar eins og þær eigi að vera eitthvað sérstaklega „töff“ í ljósi þess að sagan sýnir af fullri hörku eðli stríðs og afleiðingar slíks. Vissulega er hasarinn mikilvægur og öflugur fylgihlutur í myndinni en algjört aukaatriði í samanburði við þemun og karakterana.

Það er ekki annað hægt en að dást að þessari mynd. Öll umgjörð er óaðfinnanleg, frá listilegri kvikmyndatöku til tónlistar sem eflir andrúmsloftið afbragðsvel, og tölvuvinnan sem hér er til sýnis er helbert kraftaverk. Brellurnar eru fyrst og fremst nýttar til þess að þjóna sögunni og persónunum frekar en væntingum áhorfenda um sjónarspil. Það vantar heldur ekkert upp á að Andy Serkis komi með enn einn leiksigurinn í þessu ógleymanlega aðalhlutverki. Þjáning Caesars og myrkt hugarástand skín í gegn um pixlana og magnast hvort tveggja með tilþrifum leikarans.




Hnökralaus frammistaða Serkis skyggir þó ekki á aðra leikara frekar en áður. Flestir, ef ekki allir, standa fyrir sínu. Woody Harrelson er réttur maður á réttum stað og heldur ekki eins einhliða andstæðingur og hann virðist vera í fyrstu. Hin unga Amiah Miller er áhrifarík í hlutverki munaðarlausrar stúlku sem verður á vegi Caesars og Steve Zahn bætir við þörfum léttleika í blönduna án þess að ganga of langt með það.

Í röngum höndum hefði efniviðurinn léttilega getað misheppnast eða orðið kjánalegur. Leikstjórinn Matt Reeves hefur aftur tekið að sér ýkta vísindaskáldssögu með æpandi ádeilu og neitað að búa til heilalaust bíó úr því. Hann sýður hér saman ýmsa tóna; stríðsmynd, flóttamynd og hljóðlátan vestra svo úr verður minnisstæð heild þar sem fasismi, dýrslegt eðli, ótti, fordómar, samkennd og þrautseigja eru skoðuð af mikilli einlægni.

Það er með hreinum ólíkindum hvað Reeves nær heppilega að forðast alla tilgerð og ná oft ansi langt með afar litlu, eins og með því hvernig hann spilar með þagnir, táknmál, einfalt augnaráð eða önnur smáatriði, gjarnan í nærmyndum. Það kemur fyrir en örsjaldan að sumt er meira útskýrt heldur en þörf er á en á rúmum tveimur tímum er aldrei teygða eða tilgangslausa mínútu að finna í öllu flæðinu.

En auðvitað er magnað að Hollywood-framleiðendur hafi dælt svona miklum peningum í vandaða, kraftmikla „poppkornsmynd“ þar sem áhorfandinn er fenginn til þess að styðja útrýmingarhættu manneskjunnar og halda með öpunum. Heill sé þér, Caesar!

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Hér er búið að dulbúa fallega, bitastæða og dökka „and-stríðsmynd“ sem sumarafþreyingu. En frásögnin er vönduð, tilfinningalega lifandi og brellurnar hreint ótrúlegar.



# Bætti á sig 16 kílóum fyrir hlutverk

Leikkonan Charlize Theron var nær óþekkjanleg í hlutverki sínu sem Aileen Wuornos í myndinni Monster frá árinu 2003 en Theron bætti miklu á sig fyrir það hlutverk.

Nýverið þurfti Theron að endurtaka leikinn fyrir nýjasta hlutverkið sem hún fer með í myndinni Tully sem kemur út á næsta ári. Theron, sem bætti á sig um 16 kílóum fyrir hlutverkið, greindi frá því að í þetta skipti hefði ferlið verið erfiðara.

**SYKURINN VARÐ TIL ÞESS AÐ ÉG VARÐ ÞUNGLYND.**

Theron sagði frá þessu í viðtali við Variety. Hún sagði að þyngdaraukningin hefði tekið sinn toll, bæði á líkama og sál. „Í þetta sinn fann ég mikinn mun á heilsunni. Sykurinn varð til þess að ég varð þunglynd. Ég var lasin. Ég gat ekki létt mig aftur,“ útskýrði Theron sem mun hafa fengið aðstoð frá læknum til að koma sér aftur í form. Theron, sem er 41 árs, segir lækni hafa tjáð henni að aldurinn hefði mikið með það að gera að hún ætti erfiðara með að létta sig í þetta skiptið.

Þess má geta að Theron leikur þriggja barna móður að nafni Marlo í gamanmyndinni Tully. Myndin kemur út í apríl á næsta ári. – **gha**



Charlize Theron við tökur á myndinni Tully.



Charles Manson var leiðtogi Manson-fjölskyldunnar sem framdi hrottaleg morð árið 1969.

# Ný mynd um Charles Manson sögð væntanleg

Leikstjórinn Quentin Tarantino er sagður vera að vinna að gerð kvikmyndar um bandaríska glæpamanninn Charles Manson.

Samkvæmt nýjustu fregnum úr kvikmyndaheiminum er Tarantino búinn að skrifa handritið og sér fyrir sér að tökur hefjist næsta sumar. Nánari upplýsingar liggja ekki fyrir en orðrómur er uppi um að Tarantino vilji að Brad Pitt og Jennifer Lawrence fari með hlutverk í myndinni.

Fyrir þá sem ekki þekkja til Charles Manson þá var hann leiðtogi hinnar svokölluðu Manson-fjölskyldu. Manson myrti níu manns árið 1969 ásamt fylgjendum sínum. Í hópi þeirra myrtu var leikkonan Sharon Tate. Tveimur árum síðar var Manson sakfelldur fyrir morðin. Manson er enn á lífi og situr í fangelsi í Kaliforníu.

Það er því ljóst að ef kvikmynd Tarantino verður að veruleika verður hún í óhugnanlegra lagi. – **gha**



Quentin Tarantino er sagður vera tilbúinn með nýtt handrit.
NORDICPHOTOS/GETTY




HÚSASMIÐJAN

blómaval

Okkar stærsta

# SUMARÚ




# 20-50%

## AFSLÁTTUR

Sumarblóm 30-50% · Tré og runnar 50% · Fjölærar plöntur 50% · Matjurtir 50% · Garðarósir 50% · Útipottar 30% · Garðstyttur 30% · Fræ og sáðbakkar 30% · Silkisumarblóm 30% · Vökvunarkönnur 30% · Úðabrúsar 30% · Sláttuvélar 20% · Garðverkfæri 25% · Hekkklippur 30% · Keðjusagir 30% · Vermireitir og blómakassar 20% · Háþrýstidælur 20% · Áltröppur og stigar 30% · Rafmagnsverkfæri Black&Decker 30% Reiðjól og fylgihlutir 30% · Garðhúsgögn 30% · Úðarar, slönguhjól og tengi 30% · True North Útivistafatnaður 50% · Pallaolía 25% · Viðarvörn 25% · Innimálning 25% · Útimálning 25% · Vegg- og loftaþiljur 25% · Leikföng 30% · Búsáhöld 25% · BroilKing grill 20% · Grill fylgihlutir, Broil King, GrillPro 30% · Harðparket og undirlag 25% · Electrolux smáraftæki 20% · Verkfæratöskur 35% · Ferðavörur 25% og margt fleira

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Byggjum á betra verði



sumarútsala frá upphafi er í fullum gangi
ÚTSALAN
Sumarblóm
og trjáplöntur
30-50%
afsláttur
BLACK&DECKER
30%
afsláttur
af ÖLLUM rafmagnsverkfærum
frá Black&Decker
Garðhúsgögn
30%
afsláttur
Harðparket
og undirlag
25%
afsláttur
Ferðavörur
25%
afsláttur
Búsáhöld
25%
afsláttur
JOTUN
Treolje
LADY
Inni- og útimálning
viðarvörn og pallaolía
25%
afsláttur
Háþrýstidælur
20%
afsláttur
Verkfæratöskur
35%
afsláttur
True North
útivistarfatnaður
50%
afsláttur
BroilKing
og GrillPro
fylgihlutir
30%
afsláttur
Reiðhjól
og fylgihlutir
30%
afsláttur
FRÍ HEIMSENDING
Í VEFVERSLUN HUSA.IS
EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA








# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 13. JÚLÍ 2017

### Uppákomur

**Hvað?** Kolkrabbahekl í Handprjóni
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Handprjon.is, Reykjavíkurvegi 64
Kolkrabbahekl er fyrir vökudeild Landspítala. Boðað er til samhekls á Kolkrabbahekli í Handprjóni. Húsið er opið frá klukkan 15.00-20.00 fyrir heklara. Heklunálar, garn og uppskrift verða á staðnum. Við bjóðum afslátt í verslun af allri hreinni bómull sem og Tulip-heklunálum.

**Hvað?** Gong-næring
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Jógasalur Ljósheima, Borgartúni 3
Síðan 2011 hefur verið boðið upp á svo kallaða gong-næringu í jógasal Ljósheima. Í gong-næringu er tækifæri til djúprar slökunar. Hljóð gongsins hjálpa þér að losa um hugsanir og hugsanamynstur sem dvelja í undirvitund. Þegar þú losar um þau eða jafnvel leysir þau alveg upp verður núið betra, skýrara og þú heilli. Sólbjört og Unnur spila á gongin. Aðgangseyrir er 2.000 krónur. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.


**Í dag verður gong í aðalhlutverki í jógasal Ljósheima.** NORDICPHOTOS/GETTY

**Hvað?** 5 ára afmælisgleði Roadhouse
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Roadhouse, Snorrabraut 56
Roadhouse er fimm ára í dag og í tilefni þess verður haldið partí. Skemmtiatriði, veitingar og veigar í boði. Fyrstu 100 sem mæta fá gjafabréf fyrir The Big Bull máltíð með bjór eða Coke.

### Tónlist

**Hvað?** Valdimar og Örn Eldjárn
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Rosenberg, Klapparstíg 27
Valdimar og Örn halda uppi stuðinu. Miðasala á tónleikana fer fram á tix.is og Rosenberg. Borðapantanir í síma 551 2442.

**Hvað?** Útgáfufögnuður Milkhouse
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Oddsson, JL húsinu
Stórveisla á Oddsson. Ný tólf laga plata frá Milkhouse, Painted Mirrors, verður gefin út með pomp og prakt í dag. Glænýtt tónlistarmyndband við lag Milkhouse verður frumsýnt, geisladiskar og miðar á útgáfutónleika verða á tilboðsverði og kjörin verða hagstæð á barnum.

**Hvað?** Pink Street Boys & Rythmatik
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Rokkhljómsveitirnar Pink Street Boys og Rythmatik koma fram á þriðju Sumartónleikum Straums og Bíós Paradísar í kvöld, í anddyri bíósins. Ókeypis inn og tilboð á bjór.

**Hvað?** Sólveig Matthildur & IDK I IDA & Rex Pistols
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Miðaverð er 1.000 krónur Sólveig Matthildur, sem margir kannast við úr hljómsveitinni Kælan mikla, flytur tónlist. IDK I IDA og Rex Pistols koma líka fram.


**Nokkrir heklarar ætla að hittast og láta gott af sér leiða í versluninni Handprjóni í dag.** NORDICPHOTOS/GETTY

### Sýningar

**Hvað?** Happy People – Smoking Lounge no. 3
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Nýlistasafnið
Verið velkomin á þriðja reykkvöld sýningarinnar Happy People. Þá býðst gestum að reykja verk eftir Lars TCF Holdhus, Yosuke Amemiya, Hildigunni Birgisdóttur, Žilvinas Landzbergas og Eloise Bonneviot.

**Hvað?** Leiðsögn: Tómas Örn Tómasson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Tómas Örn Tómasson, kvikmyndagerðarmaður og samstarfsmaður Ragnars Kjartanssonar, tekur þátt í leiðsögn um sýninguna Guð, hvað mér líður illa í Hafnarhúsi. Tómar Örn stjórnaði upptökum á þremur verkum á sýningunni, Hellingur af sorg, Sviðsetningar úr vestrænni menningu og Heimsljós – líf og dauði listamanns. Tómas hefur komið að framleiðslu fjölda annarra verka með Ragnari, þar má nefna The Visitors, The Man og Seglskipið Timburmenn (SS Hangover). Aðgöngumiði að safninu gildir.










DORMA

Kynntu þér skilmála leiksins inni á frettabladid.is/sumarleikur




**FEARLESS**

Magnaðir breskir spennuþættir sem fjalla um mannréttindalögfræðinginn Emmu Banville sem er þekktust fyrir að velja sér krefjandi mál sem oft á tíðum eru talin óvinnandi.

**FRÁBÆR FIMMTUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA**

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.






**NCIS**

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.

**ANIMAL KINGDOM**

Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás. Mögnuð glæpasería sem enginn má missa af!



**JURASSIC WORLD**

Eftir að skemmtigarðurinn hefur verið opinn í 10 ár þá er gestum farið að fækka og til að reyna að auka aftur aðsóknina er gripið til þess ráðs að koma með nýja viðbót í garðinn!



3

**IT´S ALWAYS SUNNY IN PHILADELPHIA**

Frábær sería um fjóra vini sem reka saman bar en eru alltof sjálfumglaðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi.




Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.45** Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Mom
**10.40** Landnemarnir
**11.20** **Sælkeraheimsreisa um Reykjavík** Í þessum vönduðu og glæsilegu þáttum Vala Matt í ferð um Reykjavík og heimsækir Íslendinga af erlendum uppruna. Við kynnumst þeirra matarmenningu og siðum og svo matreiða þeir fyrir okkur dýrindis góðan mat gerðan úr íslensku hráefni en með skemmtilegum og oft nýstárlegum kryddum og ævintýralegum matreiðsluaðferðum. Við fáum til dæmis japanskt sushi búið til á ótrúlega einfaldan hátt, sérkennilegan nepalskan eftirrétt, dásamlegan bistrómat frá París, eþíópíska rétti borðaða með puttunum og popp og kaffi, nýstárlega kartöflurétti frá heimalandi kartöflunnar, Perú, íranska veislu og margt fleira ævintýralega skemmtilegt og fræðandi. Matur frá Nepal, París, Japan, Íran,Taílandi, Eþíópíu, Póllandi og Perú, allt í heimahúsum í Reykjavík.
**11.45** Nettir Kettir
**12.35** Nágrannar
**12.55** Step Brothers
**14.30** Tom and Jerry: Back to Oz
**15.50** Little Big Shots
**16.35** Impractical Jokers
**16.57** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Ísland í sumar
**19.25** 2 Broke Girls
**19.45** Masterchef: The Professionals – Australia
**21.20** NCIS
**22.05** Fearless
**22.55** Animal Kingdom
**23.45** Grantchester
**00.35** **Gåsmamman** Önnur sería þessara hörkuspennandi sænsku þátta um Sonju sem þangað til í síðustu þáttaröð lifði afar góðu og áhyggjulausu lífi með eiginmanni sínum og þremur börnum í úthverfi Stokkhólms. En þegar líf hennar tekur skyndilega stakkaskiptum og öryggi hennar og barnanna er ógnað eru góð ráð dýr. Hún gerir því allt sem í hennar valdi stendur til að standa vörð um þá sem hún elskar þótt það þýði að hún dragist inn í undirheimana til að draga björg í bú.
**01.25** Crimes That Shook Britain
**02.10** X-Company
**02.55** X-Company
**03.40** Step Brothers
**05.15** The Middle

## SPORT

**07.45** Liverpool Pre-season - Tranmere Rovers-Liverpool
**09.30** La Liga - Getafe-Tenerife
**11.15** Formúla 1 2017 - Tímataka
**12.30** Formúla 1 2017 - Keppni
**14.45** Sumarmótin 2017
**15.20** Pepsi-deild kk - Grindav.-KA
**17.15** Pepsi-deild kk - Valur-Stjarnan
**19.05** Síðustu 20
**19.30** Sumarmótin 2017
**20.05** Premier League World 2016/2017
**20.35** Búrið
**21.15** Goals of the Season
**22.10** Pepsi-mörkin 2017
**23.40** Inkasso deildin - Þróttur-Fram
**01.20** Búrið

## STÖÐ 3

**17.45** Raising Hope
**18.10** The New Girl
**18.30** Community
**18.55** Modern Family
**19.20** Sumar og grillréttir Eyþórs
**19.45** Sósa og salat
**20.05** Undateable
**20.30** Claws
**21.20** American Horror Story. Roanoke
**22.05** Gilmore Girls
**22.50** It's Always Sunny in Philadelphia
**23.25** Eastbound & Down
**23.45** Modern Family
**00.05** Sumar og grillréttir Eyþórs
**00.30** Sósa og salat
**00.50** Undateable
**01.15** Claws
**02.00** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Kormákur
**07.11** Zigby
**07.25** Stóri og Litli
**07.38** Latibær
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur og félagar
**10.00** Lína langsokkur
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Kormákur
**11.12** Zigby
**11.26** Stóri og Litli
**11.39** Latibær
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur og félagar
**14.00** Lína langsokkur
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Kormákur
**15.12** Zigby
**15.26** Stóri og Litli
**15.39** Latibær
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur og félagar
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir

## GOLFSTÖÐIN

**13.45** Golfing World 2017
**14.35** The Greenbrier Classic
**19.35** Inside the PGA Tour 2017
**20.00** John Deere Classic
**23.00** PGA Highlights 2017
**23.55** Golfing World 2017
**00.45** Inside the PGA Tour 2017
**01.10** PGA Special: Coming Home (Nicklaus Show)
**01.55** US Women's Open 2017

## BÍÓSTÖÐIN

**13.10** The Flintstones & WWE: Stone Age Smackdown
**14.05** The Lady in the Van
**15.50** Teenage Mutant Ninja Turtles
**17.35** The Flintstones & WWE: Stone Age Smackdown
**18.30** **The Lady in the Van** Gamanmynd frá 2015 með Maggie Smith í aðalhlutverki. Sönn saga um kynni Alans Bennet af hinni heimilislausu Mary Shepherd sem í fimmtán ár bjó í sendibíl í innkeyrslunni við hús hans og átti sér merka sögu. Shepherd, sem var fyrrverandi píanósnillingur, strauk af geðveikrahæli, lenti í umferðarslysi sem hún kenndi sjálfri sér um að hafa valdið og lifði síðan í stöðugum ótta við að verða handtekin fyrir þá sök.
**20.15** Teenage Mutant Ninja Turtles
**22.00** Jurassic World
**00.05** Two Faces of January
**01.40** Run All Night
**03.35** Jurassic World

## RÚV

**17.15** Hljómskálinn
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Franklín og vinir hans
**18.45** Kóðinn - Saga tölvunnar
**18.47** Línan
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Matur frá öllum heimshornum – Monica Galatti: Frakkland
**20.40** Sterkasti fatlaði maður Íslands
**21.10** Svartir englar
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Haltu mér, slepptu mér
**23.10** Skömm
**23.35** Svikamylla
**00.35** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Jane the Virgin
**10.35** Síminn + Spotify
**11.45** Dr. Phil
**12.25** American Housewife
**12.50** Remedy
**13.35** The Biggest Loser
**15.05** The Bachelor
**16.35** King of Queens
**17.00** Younger
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** Making History
**20.15** Pitch
**21.00** How to Get Away with Murder
**21.45** MacGyver
**22.30** Better Things
**23.00** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**23.40** The Late Late Show with James Corden
**00.20** 24
**01.05** Under the Dome
**01.50** Twin Peaks
**02.35** Mr. Robot
**03.20** House of Lies
**03.50** How to Get Away with Murder
**04.35** MacGyver
**05.20** Better Things
**05.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# AUKAKÍLÓIN SEM ÞÚ VILT!

LÉTTASTA FERÐATASKAN - LÉTTASTA FERÐATASKAN - LÉTTASTA FERÐATASKAN -

it LÉTTUST!

**Litir í boði:**




**40% vildar-afsláttur**

**Ferðataska IT**
**8 hjól, 55 cm, 1.85 kg.**
VILDARVERÐ: 9.899.-
Fullt verð: 16.499.-

**Ferðataska IT**
**8 hjól, 70 cm, 2,05 kg.**
VILDARVERÐ: 11.099.-
Fullt verð: 18.499.-

**Ferðataska IT**
**8 hjól, 80 cm, 2.4 kg.**
VILDARVERÐ: 12.899.-
Fullt verð: 21.499.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

# PAKKAÐU OG NJÓTTU!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 13. júlí, til og með 17. júlí, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.


Ypsilon er einstaklega vel innréttuð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Einstakt og spennandi

Þetta er glæný og sjúklega spennandi sérverslun með fegurð á annarri hæð í Aðalstræti 2. Við opnum á morgun, við hlið Hönnunarmiðstöðvar, fyrir ofan Akkúrat,“ segir fatahönnuðurinn Þórey Björk Halldórsdóttir um verslunina Ypsilon.

„Við erum fimm hönnuðir og einn mynd- og hjóðlistarmaður sem komum að versluninni og við erum að selja okkar eigin hönnun ásamt því að kaupa inn vörur frá spennandi fólki um allan heim. Vörurnar sem um ræðir spanna vítt svið, sem dæmi erum við með heimilisvörur, lampa, flíkur, tímarit, plötur, ilmvötn, skartgripi og fleira spennandi. Þess má geta að flestallar vörur sem seldar eru í Ypsilon fást hvergi annars staðar á landinu,“ útskýrir Þórey.


Ypsilon-teymið heldur opnunarteiti í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Heildarhugmynd og undirstaða verslunarinnar var unnin af öllu teyminu og verslunarrýmið sjálft er hannað af And Anti Matter og Usee Studio. Teymið hefur unnið að þessu í rúma þrjá mánuði og við höfum algjörlega umbreytt rýminu.

> **ÚTLIT VERSLUNARINNAR ER EITTHVAÐ SEM EKKI HEFUR SÉST Í REYKJAVÍK ÁÐUR.**

Útlit verslunarinnar er eitthvað sem ekki hefur sést í Reykjavík áður.

Ypsilon-teymið kemur einnig saman í hönnun á sérsniðnum vörum undir nafni verslunarinnar. Því er háttað þannig að vörurnar eru hannaðar ýmist af einu vörumerki sem stendur að versluninni eða þá öllu teyminu sem heild,“ segir Þórey að lokum og hvetur alla fagurkera til að leggja leið sína á opnunina á morgun. – gha

RAFMAGNSVESPUR
*Þarf ekki próf, tryggja eða skrá!*


149.900,-
Svört, rauð eða hvít
NITRO
Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is


Anna Lísa og Þórey ætla að nýta tímann vel með börnunum í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fjölskylduvænar samverustundir í sumarfríinu

Anna Lísa Björnsdóttir og Þórey Einarsdóttir, konurnar á bak við Kúrz, luma á góðum hugmyndum um hvað er hægt að gera í faðmi fjölskyldunnar í sumar. Þær settu þennan góða lista saman.

**Leikvellir og landakort**
Prentið út kort af ykkar bæjarfélagi og merkið inn leikvelli eða staði sem ykkur langar til þess að heimsækja. Útbúið nesti og leyfið börnunum að vera fararstjórar.

**Sull og bull**
Að hoppa í pollum er stórskemmtilegt fyrir alla aldurshópa. Ef veðrið er gott er hægt að búa til polla eða fara í fjöruna og sulla. Það er aldrei of seint að læra að fleyta kerlingar og jafnvel er hægt að æfa sig í að kasta steinum með tánum, það þjálfar skynþroskann hjá börnum og kennir þeim á líkamann.

**Fjársjóðsleit**
Að fara út með krukku og og rannsaka lífríkið undir steinum og í moldinni er góð skemmtun.

**Heimapartí**
Það getur verið gaman að halda bara partí heima. Til dæmis er skemmtilegt að halda furðufatatískusýningu með fjölskyldunni, byggja hús úr púðum og teppum og elda svo saman þar sem allir geta lagt sitt af mörkum.

**Lestur**
Lestur er frábær samverustund og það er mjög mikilvægt að börnin haldi lestri við í sumarfríinu.

**Bókasöfn og söfn**
Flest bókasöfn hringinn í kringum landið eru með skemmtileg barnahorn. Norræna húsið er enn fremur með æðislega aðstöðu fyrir börn. Garðarnir hjá Listasafni Einars Jónssonar og Ásmundarsafni eru skemmtilegir fyrir alla. Snæfellsstofa við Skriðuklaustur er með sérlega áhugaverða og fallega sýningu, Veraldarhjólið, sem fjallar um hringrás og mótun náttúrunnar.

**TÍMINN NÝTTUR VEL**

Þær Þórey Einarsdóttir og Anna Lísa Björnsdóttir eignuðust báðar tvö börn með 20 mánaða millibili. Þegar þær fóru að bera saman bækur sínar uppgötvuðu þær að flest foreldranámskeið voru haldin á óheppilegum tíma fyrir barnafjölskyldur.

Þess vegna stofnuðu þær vefsíðuna kurz.is, til þess að bjóða foreldrum að taka uppeldisnámskeið á netinu þegar þeim hentar og á þeirra forsendum. Þá er hægt að nýta tímann betur. Núna er hægt að hjálpa þeim að láta námskeiðið verða að veruleika með því að kaupa það á Karolina Fund.

Námskeiðið Að læra að skilja hegðun og líðan barnsins er kennt af Margréti Birnu og Hrund sálfræðingum og sérfræðingum í hegðun og líðan barna, unglinga og foreldra þeirra.

Þær Þórey og Anna mæla með að nýta dagana vel í sumar með börnunum og settu saman lista yfir hugmyndir að gefandi og fjölskylduvænum samverustundum.

**Garðar og leikvellir**
Lystigarðurinn á Akureyri og Hljómskálagarðurinn í Reykjavík bjóða upp á frábæra aðstöðu fyrir fjölskylduna. Bjössaróló í Borgarnesi, Kjarnaskógur við Akureyri og Raggagarður í Súðavík eru líka þess virði að heimsækja og hreyfa litla kroppa. – gha

Glæsilegt úrval á pier.is

# ÚTSALAN

## í fullum gangi allt að

# 70%

# AFSLÁTTUR

the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 5227890

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON

## 05.07.17 – 11.06.17




**1** **Nornin** Camilla Läckberg




**2** **Með lífið að veði** Yeonmi Park




**3** **Independent People** Halldór Laxness




**4** **Drekkingarhylur** Paula Hawkins




**5** **The Sagas of Icelanders** Ýmsir höfundar




**6** **Iceland In a Bag** Ýmsir höfundar




**7** **Litla bakaríið við Strandgötu** Jenny Colgan




**8** **Ítalskir skór** Henning Mankell




**9** **Gestir utan úr geimnum** Ævar Þór Benediktsson




**10** **Njal's Saga**

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson





**Bjór er í aðalhlutverki í smáforritinu sem Jón Páll var að gefa út.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bjórinn er betri ef maður á hann skilinn

**Jón Páll Leifsson** var að gefa út smáforrit (app) sem reiknar út hversu mikinn bjór þú vinnur þér inn með réttu mataræði, hreyfingu og góðverkum. Bjórinn er betri ef maður á hann skilinn að sögn Jóns.

Smáforritið kom út á laugardaginn og heitir Beer Converter. Það reiknar út hversu mörgum kaloríum þú sleppir eða brennir og útlistar það í kaloríum í bjór. Eins getur þú unnið þér inn bjór með alls kyns góðverkum eða afrekum, þótt þau séu ekki beinlínis kaloríutengd,“ segir hugmyndasmiður Beer Converter, Jón Páll Leifsson.

„Þetta smáforrit er búið að vera gæluverkefni hjá mér í dálítinn tíma. Þetta byrjaði bara sem brandari sem gekk svo kannski aðeins of langt, alveg inn í App Store og Playstore.“

Þetta er fyrsta smáforritið sem Jón Páll gerir en Loftfarið sá um að forrita appið og Finnbogi Erlendsson sá um útlitshönnunina. „Ég var sem betur fer ekki einn í þessu. Ég á hugmyndina og skrifa allan texta en Loftfarið og Finnbogi hafa verið með mér í þessu. Og þetta hefur gengið vel og appið hefur hitt í mark hjá þeim sem hafa prófað það.“

Jón Páll segir Beer Converter ekki vera hefðbundið heilsuforrit. „Það er til alveg haugur af smáforritum sem telja kaloríur, sem eru oftar en ekki með svolítið vondar fréttir, þau segja manni hvað eru margar kaloríur í hinu og þessu. En Beer Converter færir eiginlega bara góðar fréttir og segir notandanum hversu marga bjóra hann á skilda.“

Eins og áður sagði metur smáforritið þrjá hluti; mat, líkamsrækt og góðverk eða afrek og mælistikan er bjórfjöldi. Spurður út í hvernig góðverkin virka segir Jón Páll: „Góðverkin eru meira byggð á mínu persónulega þverfaglega mati. Það er ekki háð kaloríum. Þegar góðverkin eru færð inn í smáforritið er mikilvægt að hafa í huga bæði aðstæður og hvata,“ segir Jón Páll og tekur dæmi: „Ef þú gefur mömmu þinni blóm þá er fyrsta spurningin: „Er þetta á mæðradaginn?“ Næsta spurning er svo: „Vantar þig greiða frá henni?“ Þannig að ef þú ert að gefa mömmu þinni blóm á mæðradaginn og þú þarft að fá bílinn hjá henni lánaðan, þá er þetta ekkert merkilegt og þú átt engan bjór skilinn,“ segir Jón Páll og hlær. „Þú ert sem sagt alltaf spurður tveggja lykilspurninga þegar þú skráir afrek eða góðverk. Þær spurningar skera úr um hversu merkilegt afrekið er.“




**Ef þú hjálpar vini þínum að flytja búslóð, píanó meðtalið, upp eða niður þrjár hæðir eða meira áttu skilið heila sex Corona Extra bjóra.**

> **ANNARS HELD ÉG AÐ BJÓR HAFI VERIÐ HAFÐUR FYRIR RANGRI SÖK Í GEGNUM TÍÐINA, HANN ER EKKI SVO ROSALEGA KALORÍUSEKUR, MIÐAÐ VIÐ MARGT ANNAÐ.**

### Meira gaman en gagn

Aðspurður fyrir hvern Beer Converter sé helst segir Jón Páll það vera fyrir alla sem drekka bjór. „Þetta app er bara til gamans gert og maður þarf ekki að vera bjórspekúlant til að nota það. Ég er sjálfur enginn bjórspekúlant þó að mér finnist bjór góður.

„Þú getur alveg notað þetta sem hálfgert heilsuapp en þetta er meira gaman heldur en gagn. En þó er smá gagn í þessu.

Annars held ég að bjór hafi verið hafður fyrir rangri sök í gegnum tíðina, hann er ekki svo rosalega kaloríusekur, miðað við margt annað,“ segir Jón Páll sem er búinn að stúdera mikið kaloríufjölda í bjór í samanburði við kaloríufjölda í ýmsum mat. „Ef þú borðar tvær Oreo-kexkökur þá ertu með álíka mikið af kaloríum og í Bud Light-bjór.“

En er bjór betri ef maður á hann skilinn? „Já, svo sannarlega! Ef þú ert búinn að vinna almennilega fyrir honum þá verður hann miklu betri. Og alveg eins og í Dýrunum í Hálsaskógi, ef þú stelur honum þá er hann ekki góður,“ segir Jón og skellir upp úr. **gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



ÖFLUSALAT
LAUK OG GRASLAUK
450 gr.
Þykkvabæjar
BEARNAISE KARTÖFLUSALAT
Þykkvabæjar
Nýtt
Nú tvær nýjar tegundir!
GRILL-
MATURINN
ELSKAR
Þykkvabæjar
HRÁSALAT
400 gr.
Þykkvabæjar
SÆTKARTÖFLU SALAT
400 gr.
Þykkvabæjar
Nýtt

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Upprisa holdsins

Vatíkanið eða Páfagarður er stórmerkilegur staður og í raun hálfgert fyrirbæri í margs konar skilningi þess orðs. Það er sjálfstætt ríki, landlukt land, sem einungis á landamæri að Ítalíu enda í rauninni staðsett inni í miðri Rómaborg. Þarna hefur sjálfur páfinn aðsetur sitt. Situr þar á Hinum helga stól og drottnar yfir kaþólikkum um allan heim. Þarna eru líka margar glæsilegustu kirkjur og kapellur veraldar, þeirra á meðal hin fræga Sixtínska kapella. Landið er sveipað dulúð, virðingu og glæsileika.

Það kom þess vegna mörgum á óvart þegar lögreglan þar ruddist inn á heimili háttsetts preláta nú á dögunum og leysti upp mikla kynsvallsveislu nokkurra presta sem allir voru meira og minna undir áhrifum ólöglegra vímuefna. Svallið átti sér stað í íbúð í eigu kardínálans Francesco Coccopalmerio, en hann er sérstakur aðstoðarmaður og ráðgjafi Frans páfa. Francesco var þó fjarri góðu gamni, en ritari hans var færður á sjúkrastofnun til þess að láta dæla úr sér vímuefnum og svara spurningum lögreglu.

Einhverjir fréttamiðlar hafa greint frá því að Frans páfi sé alveg foxillur yfir þessu. Hann upplifi þetta sem skömm og vandræðalegt fyrir embætti sitt. Ég tel þetta þó jákvætt fyrir kirkjuna. Þetta eru nefnilega fyrstu fréttir sem ég heyri af kaþólskum prestum stunda kynlíf með einhverjum sem ekki er undir aldri. Það gæti verið gott fyrir almannatengla Vatíkansins að benda á sem ákveðið heilbrigðismerki. Þá er þarna einnig kjörið tækifæri til þess að bakka með fyrri yfirlýsingar um ástir fullveðja karlmanna sem viðurstyggð. Margt jákvætt í þessu.








